# bestasöngbókin

**Söngbók búin til á www.guitarparty.com**

# Efnisyfirlit

Afgan . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Agnes og Friðrik . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7
Allir sem einn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8
Allt fyrir mig . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Bahama . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
Blindsker . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11
Búkolla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Djöfull er ég flottur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14
Don’t Stop Believing . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 15
Draumur um Nínu (Einfaldari útg.) . . . . . . . . . . . . . . . 16
Einshljóðfærissinfóníuhljómsveitin . . . . . . . . . . . . . . . 17
Einu sinni á ágústkvöldi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18
Ekkert breytir því . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Eyjan græna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 20
Fannfergi hugans . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 21
Farin . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 22
Fatlafól . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 23
Flugvélar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24
Fram á nótt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Frelsið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 26

Fuck her gently . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27
Glaðasti hundur í heimi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
Gæsalagið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 29
Hjá þér . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 30
Hjálpaðu mér upp . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 31
Kaupmaðurinn á horninu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 32
Keyrðu mig heim . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 33
Kósíkvöld . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 34
Lagið um það sem er bannað . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 35
Langt fram á nótt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 36
Last kiss . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 37
Leiðin okkar allra . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 38
Lengi skal manninn reyna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 39
Litla sæta ljúfan góða . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 40
Ljúft að vera til - Þjóðhátíðarlag 2014 . . . . . . . . . . . . . 41
Lífið er yndislegt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 42
Lög og regla . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 43
Minning . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 44
Nostradamus . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 45
Nýbúinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 46
Of feit fyrir mig . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 47

Ofboðslega frægur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 48
Orginal . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 49
Pabbi þarf að vinna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 50
Rangur Maður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 51
Rósin . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 52
Serbinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 53
Sexy and I Know It . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 54
Sjúddirarí rei . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 55
Skjóttu mig í nótt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 56
Spenntur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 57
Strákarnir á Borginni . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 58
Syneta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Síðan Hittumst Við Aftur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 60
Sódóma . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 61
Tribute . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 62
Tvær stjörnur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 63
Týnda kynslóðin . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 64
Undir þínum áhrifum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 65
Vegbúinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 66
Vertu ekki að plata mig . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 67
Vertu þú sjálfur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 68

Vor í Vaglaskógi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 69
Á Þjóðhátíð ég fer . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 70
Álfheiður Björk . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 71
Áðan Í útvarpinu heyrði lag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 72
Ég er kominn heim . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 73
Ég kyssi þig á augun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 74
Ég labbaði í bæinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 76
Ég vil ei vera væminn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 77
Í fjarlægð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 78
Í útvarpinu ég heyrði lag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 79
Íslenskir karlmenn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Þar sem hjartað slær . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 81
Það er bara þú . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 82
Það skrifað stendur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 83
Þorpið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 84
Þú fullkomnar mig . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 85
Þú veist hvað ég meina mær . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 86

# Afgan

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Intró: munnharpa og kassagítar
Ég hlusta á Zeppelin
og ég ferðast aftur í tímann
Þú spyrð mig, hvar er gimsteinninn
í augum þínum ljúfan?
Svitinn perlar á brjóstum þínum
þú bítur í hnúann
Þú flýgur á brott
með syndum mínum, Svartur Afgan

Ég elska þig svo heitt
að mig sundlar og verkjar
Í faðmi þínum þú lætur mig
finna til sektar
Úti í horni liggur kisi þinn og malar
inn á baðherbergi
stendur vofan þín og talar

Úti hamast regnið
við að komast inn til þín
Ég skríð undir sængina
heyri hvernig stormurinn hvín
Drottningin með stríðsfákana sína
býður okkur inn til sín
Hún sýnir okkur inní sólina
segir að sólin sé sín

Millispil-  Munnharpa
Lyftan var biluð
húsvörðurinn kallaði mig svín
sagðist hata alla poppara
ég hélt hann væri að gera grín
Ég sagði að ég væri heimsækja stúlku
hún væri unnusta mín
Hann sagði: Mér er nákvæmlega
sama þó hún sé ekki stúlkan þín

Þegar ég bankaði á dyrnar
opnaði vofan þín
Hún sagði: Þú varst bara draumur
ég hefð’ aðeins séð þig í sýn
Ó, ég elska þig ég vil ekki vakna
Svartur Afgan
drauma minna ég sakna

Millispil-  Munnharpa

# Agnes og Friðrik

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Kalt blés norðanvindur, janúarmorgun
er Agnes og Friðrik lögðu af stað.
Kaldur stóð bændaskarinn þeim var vorkunn.
Skelfdir horfðu á axarinnar blað.

Natans bróðir fylltur beisku hatri.
Hönd Friðriks köld sem á ná.
Presturinn hvíslar „ljúkum þessu af í snatri.
Höggðu vel svo drottinn megi sjá“.

Friðrik fölur stóð uppí vindinn.
Orð prestsins féllu frosna jörðu á.
Bændur stundu: „Stór er syndin“.
Er Friðrik lagði höfuð sitt stokkinn á.

Tryllt af ótta Agnes frá sér barði
er höfuð Friðriks búknum rúllaði frá.
Blóðhlaupin augu, slef úr vitum hennar lagði
Rósin Kiðjaskarðs varð eins og hrímgrátt strá.

Breiðabólsprestur með konungs snaps í hendi
skipaði Agnesi að standa, en Agnes lá.
Yfirvald Blöndal böðlinum brennivín sendi
til að bægja efanum sálu hans frá.

Hjalandi eins og smábarn á dauðann hún starði.
Með afli þeir létu hana krjúpa fótum hans hjá.
Blöndal keikur stóð á hæsta garði,
og öskraði: „Bændur lítið upp, þið skuluð fá að sjá“...

Natans bróðir allan sinn styrk í höggið lagði.
Blóð og þvag slettist frosinn mel á.
Bændaskarinn stundi þungt, en í þetta sinn þagði.
Þegar höfuð þeirra á stöngum fóru þar hjá.

# Allir sem einn

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Við stöndum saman allir sem einn
uppgjöf þekkir enginn hér
Við eru harðir allir sem einn
öflug liðsheild sem fórnar sér
Við erum KR - KR - og berum höfuðið hátt

Við erum svartir, við erum hvítir
enginn getur stöðvað oss
Við eigum viljann, við eigum úthald
við eigum styrk á við hvaða foss.
Við erum KR - KR - og berum höfuðið hátt

Mótlæti er til að sigrast á
sameinaðir við sigrum þá
Við þekkjum bæði gleði og tár
titillinn er okkar í ár

# Allt fyrir mig

Höfundur lags: Bragi Valdimar Skúlason Höfundur texta: Bragi Valdimar Skúlason Flytjandi: Baggalútur

Ég leitað hafði langa hríð
um landið þvert í erg og gríð
að konu við mitt hæfi
raunar alla ævi

En það bar engan árangur
Ég var örmagna og sársvangur
ég kominn var að þrotum
og að niðurlotum

Þá birtist hún með brúðarslör
og bros á vör
hún lofaði að annast mig
ef ég gengi að eiga sig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

Við giftum okkur eins og skot
við innréttuðum lítið kot
og hlóðum niður börnum
í nokkrum góðum törnum

Hún verður ekki af þrifum þreytt
nú þarf ég ekki að gera neitt
femenískar beljur
súpa sjálfsagt hveljur

Því konum ber að bölva því
að baka og stoppa í
en ástin mín hún elskar það
og að láta renna í bað

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig
allt fyrir mig

# Bahama

Höfundur lags: Ingólfur Þórarinsson Höfundur texta: Ingólfur Þórarinsson Flytjandi: Ingó og Veðurguðirnir

Síðan þú fórst hef ég verið með magakveisu.
Skildir ekkert eftir, nema þessa peysu.
Verst finnst mér þó að núna ertu með honum.
Veistu hvað hann hefur verið með mörgum konum?

Svo farðu bara, mér er alveg sama.
Ég þoli ekki svona barnaskóladrama.
Ég ætla að pakka í töskurnar og flytja til

Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

Allar stelpurnar hér eru í bikini
og ég er búinn að gleyma peysuflíkinni.
Ég laga hárið og sýp af stút,
búinn að gleyma hvernig þú lítur út.

Í spilavítinu kasta ég teningum,
í fyrsta sinn á ég helling af peningum.
Borga með einhverju korti frá þér
sem ég tók alveg óvart með mér

til Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.
Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

Alla daga ég sit hér í sólinni,
minnugur þess þegar ég var í ólinni.
Þú sagðir mér þá að þrífa og þvo,
meðan í takinu hafðir tvo.

Núna situr þú eftir í súpunni,
ófrísk og einmana, alveg á kúpunni.
Og þennan söng hef ég sér til þín ort
og ég vona að ég fái kort

til Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.
Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

# Blindsker

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Das Kapital

Skömmu áður en vindurinn sofnar uppi á hæðunum
eins og morgun döggin sprettur svitinn fram.
Andartaki áður en nýr dagur kemur með póstinum
ákveður sólin að hylja sinn harm.

Og ég veit að ég þarf að leika sama leikinn,
veruleikinn er eins og gömul mynd.
Ég sest niður með kaffi, set Bowie á fóninn.
Þitt uppáhalds lag var "Wild is the wind".

Öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér.
Elskendur í stormi
sem aldrei sáu að ástin var
aðeins blindsker.

Ég geng sömu götuna, hitti sama fólkið,
geri sömu hlutina og ég gerði með þér.
Þó dagurinn sé sá sami, er það ekki sama nóttin,
því nóttin var okkar tími til að byrja með.

Og ég veit að ég þarf að leika sama leikinn,
veruleikinn er eins og gömul mynd.
Ég sest niður með kaffi, set Bowie á fóninn.
Þitt uppáhalds lag var "Wild is the wind".

Öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér.
Elskendur í stormi
sem aldrei sáu að ástin var
aðeins blindsker.

# Búkolla

Höfundur lags: Laddi Höfundur texta: Laddi Flytjandi: Laddi

Capo á 2.bandi

Karl og kerling í sínu koti,
kúrðu og áttu einn svein.
Hann Hrein.
Beljuhró geymd í fjósabroti
Búkolla og hún bjó ein.
Svo einn daginn var horfin kusa
og ekkert til hennar sést,
né frést.
Þá var Hreinn sendur út að hnusa
harður og til í flest.

Deó (deó) deó (deó)
Baulaðu Búkolla ef þú heyrir
Deó (deó) deó (deó)
En ekkert heyrðist hann áfram lengra hélt.

Þegar hann hafði gengið lengi
með hælsæri komin var
og mar.
Aumar iljar og sára strengi
og stóð varla í lappirnar.
Ef hann fyndi ekki kusu í hvelli
og kæmi óðara þeim
strax heim.
Fengi hann ráðningu og rassskelli
og rekin burt frá þeim.

Deó (deó) deó (deó)
Baulaðu Búkolla ef þú heyrir
Deó (deó) deó (deó)
En ekkert heyrðist hann áfram lengra hélt.

Þá er baulað úr háu bjargi
þar Búkolla er bundin við grjót,
með fót.
Litlu innar á loðnu fargi
liggur skessa ein ljót.
Strákur kemst síðan út með belju
og stikar í áttina heim.
Beint heim.
En skessan vaknar og sýpur hveljur.
„Svei ég skal ná þeim tveim“.

Hæ hó. Korr í ró.
Ég skal ná ykkur skrattakollar
Hæ hó. Korr í ró.
Það þýðir ekkert að sitja og drolla.

(Endurtekið meðan talað er):
Þegar skessan var alveg að ná þeim sagði strákur:
„Hvað eigum við að gera“? Og þá sagði Búkolla:
„Muu. Taktu hár úr hala mínum
og leggðu það á jörðina.
Verður það þá að svo stóru vatni að enginn
kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“
Gerði strákur þetta og var úr þetta líka ekki smá vatn.
Nú varð skessan alveg æf, hljóp heim í helli
og kom með stóra bolann hans pabba síns
og hann drakk allt vatnið í einum sopa.

Nú var skessan alveg að ná þeim aftur.
Þá segir Búkolla:
„Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.
Verður það þá að svo stóru báli að enginn
kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“
Hlær þá skessan og lætur bolaótuktina pissa öllu vatninu
sem hann drakk á bálið og slökkva í því.

Þegar skessan var alveg að ná þeim
einu sinni enn, segir Búkolla:
„Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.
Verður það þá að svo stóru fjalli að enginn
kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“
Stoppar þá strákur og segir:
„Ég er nú búinn að fá mig fullsaddan
af þessu kjaftæði í þér beljuskratti þarna.
„Taktu hár úr hala mínum“... hvað? Ha?

Þetta hefur ekkert virkað hjá þér hingað til.
Nú tek ég til minna ráða!
“ Skipti engum togum að stráksi hreinsaði hárin
af halanum á Búkollu og stráði þeim í kring um sig.
Spruttu þá upp heilu fjallasalirnir.
Síðan hefur ekkert spurst til þeirra.

Deó (deó) deó (deó)
Deó (deó) deó (deó)
Deó (deó) deó (deó)

Deó (deó) deó (deó)

# Djöfull er ég flottur

Höfundur lags: Heimir Eyvindarson Höfundur texta: Heimir Eyvindarson Flytjandi: Á Móti Sól

Pabbi minn er prestur
og mamm´er stundum pokadýr í tollinum
Djöfull ertu fín Hlín
ég verð að finna pikköpp-lín´í grænum hvelli
ég er á báðum áttum
hvort ég eig´að tím´að splæsa mínum á þig

Djöfull er ég flottur ( megaháttar báðum megin )
Djöfull er ég flottur ( einnar nætur ofurstandur )

Adam eða Eva
ein er nóg en fleiri eru meiriháttar
Alan eða Alda
ég reyn´að skapa pínulítinn augnakontakt
en ég nenni ekk´að stand´upp
mér líður best að sitja hér á rassgatinu

Djöfull ertu flottur ( megaháttar báðum megin )
Djöfull ertu flottur ( einnar nætur ofurstandur )
Djöfull ertu flottur ( jájá )
Djöfull ertu flottur

Þegar ég hugsa um það betur
er ég alltof flottur fyrir þig
því þú ert ekki nema svona
nokkurnveginn rétt að verða
sautján eða átján ára

Pabbi minn er prestur
og mamm´er stundum pokadýr í tollinum
djöfull ertu útstæð
ég held bar´að mig lang´að gang´að þér og manga
ég nenni ekk´að stand´upp
mér líður best að sitja hér á rassgatinu

Djöfull er ég flottur ( megaháttar báðum megin )
Djöfull er ég flottur ( einnar viku ofurstandur )
Djöfull er ég flottur ( megaháttar báðum megin )
Djöfull er ég flottur ( einnar viku ofurstandur )
Djöfull er ég flottur ( aha )
Djöfull er ég flottur

# Don’t Stop Believing

Höfundur lags: Journey Höfundur texta: Journey Flytjandi: Journey

Capo á 2. bandi

Just a small town girl,
living in a lonely world
She took the midnight train
going anywhere

Just a city boy,
born and raised in south Detroit
He took the midnight train
going anywhere

A singer in a smoky room,
a smell of wine and cheap perfume
For a smile they can share the night,
it goes on and on and on and on

Strangers waiting
up and down the boulevard
Their shadows searching
in the night
Streetlight, people,
living just to find emotion
Hiding, somewhere in the night

Working hard to get my fill,
everybody wants a thrill
Paying anything to roll the dice,
just one more time

Some will win, some will lose,
some were born to sing the blues
Oh, the movie never ends,
it goes on and on and on and on

Strangers waiting
up and down the boulevard
Their shadows searching
in the night
Streetlight, people,
living just to find emotion
Hiding, somewhere in the night

Don't stop believing
hold on to the feeling
Streetlight people

Don't stop believing
hold on to the feeling
Streetlight people

Don't stop believing
hold on to the feeling
Streetlight people

# Draumur um Nínu (Einfaldari útg.)

Höfundur lags: Eyjólfur Kristjánsson Höfundur texta: Eyjólfur Kristjánsson Flytjandi: Eyjólfur Kristjánsson ásamt fleirum.

Intro:

```
{start_of_tab}
E|-7-----7-|-5-----5-|-3-----3-|-3-----3-|-3-----3-|-2---2-3-|-3---|
B|-----8---|-----7---|-----5---|-----3---|-----3---|---3-----|-3---|
G|---7-----|---7-----|---5-----|---4-----|---5-----|---------|-0---|
D|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----|
A|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----|
E|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----|
{end_of_tab}
```

Núna ertu hjá mér, Nína..
Strýkur mér um vangann, Nína.
Ó, halt'í höndina á mér,   Nína.
Því þú veist að ég mun aldrei aftur.
Ég mun aldrei, aldrei aftur.
Aldrei aftur eiga stund með þér.

Það er sárt að sakna einhvers.
Lífið heldur áfram - til hvers?
Ég vil ekki vakna, frá þér.
Því ég veit að þú munt aldrei aftur.
Þú munt aldrei, aldrei aftur.
Aldrei aftur strjúka vanga minn.

Þegar þú í draumum mínum birtist
allt er ljúft og gott.
Og ég vild'ég gæti sofið heila öld.
Því að nóttin veitir aðeins
skamma stund með þér.
-Er ég vakna...
Nína, þú ert  ekki lengur hér.
Opna augun...
Engin strýkur blítt um vanga mér.

Dagurinn er eilífð án þín.
Kvöldið kalt og tómlegt án þín.
Er nóttin kemur fer ég til þín.

Þegar þú í draumum mínum birtist
allt er ljúft og gott.
Og ég vild'ég gæti sofið heila öld.
Því að nóttin veitir aðeins
skamma stund með þér.
Er ég vakna...
Nína, þú ert ekki lengur hér.
Opna augun...
Engin strýkur blítt um vanga mér.

Er ég vakna - Oh
Nína, þú ert ekki lengur hér.
Opna augun.
Engin strýkur blítt um vanga mér.

```
{start_of_tab}
E|-11-----11-|-9-------9-|-7-----7-|-7-----7-|-7-----7-|-6---6-7-|-
B|-----12----|------11---|-----9---|-----7---|-----9---|---7-----|-7---|
G|---11------|---11------|---9-----|---8-----|---9-----|---------|-4---|
D|-----------|-----------|---------|---------|---------|---------|-----|
A|-----------|-----------|---------|---------|---------|---------|-----|
E|-----------|-----------|---------|---------|---------|---------|-----|
{end_of_tab}
```

# Einshljóðfærissinfóníuhljómsveitin

Höfundur lags: Harry Chapin Höfundur texta: Vilhjálmur Vilhjálmsson Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson

Capo á 2.bandi
Fyrir nokkrum árum þegar fékk ég gítarinn,
ég fór með hann beint upp á loft og æfði mig um sinn.
Í herberginu mínu sat og hamraði á hann þar.
fyrir hugskotsjónum rúlluðu allar gullnu plöturnar.
Ef haldin voru skemmmtikvöld ég í hendingskasti fór
og hélt þar konsert -fólkið hló og kallaði: Sá er stór!
Ég vildi taka aukalag og endurtaka það.
Ætli ég þurfi ekki bara hljómsveit til að kom mér af stað.

Þá dreymir mig um bassann sem botninn fylla kann
og bið svo guð um sólógítar til að styðja hann.
Ég trommur þarf svo geti, ég takti haldið vel
og tígulega í fjarska að heyra strengi flott ég tel.

Við spilum allir saman, sem sprækum mönnum ber,
og spilverk okkar hljómar eins tónlist inni hér.
En þegar draumnum lýkur, ég ei þarf að orðlengja,
ég er bara einshljóðfærissinfóníuhljómsveit
sex strengja.

Ég sem jú fyrir kærustuna, og syng henni öll mín ljóð,
en samt ég fatta ekki afhverju hún grænkar við mín hljóð.
Hún segir "Fyrirgefðu en ég finna verð mér bar,
mér finnst mér verða óglatt ef ég heyri þinn gítar".
Eitt segulband er gerði ég, og sendi út um allt
var sent til baka í pósti og sagt: "Þú hætta þessu skalt".
Ég fékk mörg bréf og endurtek nú innihaldið hér,
"Þú ættir að fá þér vinnu þar sem söngs ei krafist er".

Þá dreymir mig um bassann sem botninn fylla kann
og bið svo guð um sólógítar til að styðja hann.
Ég trommur þarf svo geti, ég takti haldið vel
og tígulega í fjarska að heyra strengi flott ég tel.

Við spilum allir saman, sem sprækum mönnum ber,
og spilverk okkar hljómar eins tónlist inni hér.
En þegar draumnum lýkur, ég ei þarf að orðlengja,
ég er bara einshljóðfærissinfóníuhljómsveit
sex strengja.

Ég fór að læra á gítarinn og gekk að mér finnst vel
þá gufaði upp kennarinn - ég dauðan hann nú tel.
En ég veit að ég hef fundið mína framtíð tónlist í
og feigur skal ég verða áður en gefst ég upp á því.

Þá dreymir mig um bassann sem botninn fylla kann
og bið svo guð um sólógítar til að styðja hann.
Ég trommur þarf svo geti, ég takti haldið vel
og tígulega í fjarska að heyra strengi flott ég tel.

Við spilum allir saman, sem sprækum mönnum ber,
og spilverk okkar hljómar eins tónlist inni hér.
En þegar draumnum lýkur, ég ei þarf að orðlengja,
ég er bara einshljóðfærissinfóníuhljómsveit
sex strengja.

# Einu sinni á ágústkvöldi

Höfundur lags: Jón Múli Árnason Höfundur texta: Jónas Árnason Flytjandi: Magnús Eiríksson

Einu sinni' á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inní Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða þú og ég.

# Ekkert breytir því

Höfundur lags: Jens Hansson Höfundur texta: Stefán Hilmarsson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Ef ég ætti fleiri stundir, fleiri mínútur.
Fleiri orð, fleiri nætur fyrir þig.
Þó að ævin geymi óteljandi sekúndur,
þá er oft eins og tíminn svíkji mig.

Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.

Ef ég hefði önnur færi, önnur augnablik.
Önnur ráð, aðra kosti handa þér.
Oft á tíðum á ég ekki nógu hægt um vik
til að sá eða gefa af sjálfum mér.

Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.
Það er ekkert sem að breytir því,
Ekkert annað sem mig þyrstir í.
Þessi sál, þessi hugur þráir þig.

Þó að myrkrið virðist endalaust
vetur, sumar, vor og haust,
skaltu minnast þess að lífið er
ýmist fjara eða flóð.

Sóló: (x 2)
Samt er ekkert sem að breytir því.
Samt er ekkert sem að breytir því
hversu heitt þetta hjarta þráir þig.
Það er ekkert sem að breytir því,
Ekkert annað sem mig þyrstir í.
Þessi sál, þessi hugur þráir þig.

# Fannfergi hugans

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Stefán Hilmarsson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Hún er silki og stál.
Hún er stórsjór og bál.
Hún er happ mitt í hendi.
Hún er hjarta míns mál.
Þegar heimur og drótt
höfðu loks um sig hljótt,
í fannfergi hugans
ég fann hana í nótt.

Það var dimmt, það var dögg
og í dreyranum lögg.
En ég fann hvernig hjartað
sló högg eftir högg.
Þar sem áður var tóm
eru nú aðeins blóm.
Í kuldanum ástin
hún kvað upp sinn dóm.

Það er ólýsanlegt,
já og alls engu líkt,
- þá sjaldan menn komast
í tæri við slíkt -
hversu öflug hún er,
hversu hreint ótrúleg.
Hvað hún örvar og sefar
í senn. Trúðu mér.

Það var hvasst, úfinn sær.
Það var nýfallinn snær.
Þó var innra með mér
aðeins andvari vær.
Já, ég vissi sem var.
Og ég skynjaði þar
í mjöllinni hitann
sem með sér hún bar.

Dag eftir dag eftir dag
eru óteljandi sálir sárar víst.
Dag eftir dag eftir dag
hverfur sól. En síðan styttir upp,
styttir upp á ný.

Ný er dagur á ný.
En í kvöld aftur sný
ég til fundar við þig
þar í rökkrinu, því
þegar dagur og nótt
höfðu loks um sig hljótt
í fannfergi hugans
ég fann hana í nótt.

Í fannfergi hugans
ég fann þig í nótt.

# Farin

Höfundur lags: Einar Bárðarson Höfundur texta: Einar Bárðarson Flytjandi: Skítamórall

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?
Hvar ertu núna,
hvert liggur mín leið?
Spyrjum hvort annað
hvort fari ég einn í nótt.

Það er liðinn langur tími
og ég valdi þessi orð
Skrítið hvað tíminn fer þér vel
Nóttin siglir að, minningin er kyrr
kemur og stimplar sig inn.

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?
Hvar ertu núna,
hvert liggur mín leið?
Spyrjum hvort annað
hvort fari ég einn í nótt.

Tíminn líður, líður án mín
en þú kemur ekki í kvöld
ég bað þig svo lengi
að vera aðeins hér
hefðir þú staðið mér hjá.

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?
Hvar ertu núna,
hvert liggur mín leið?
Spyrjum hvort annað
hvort fari ég einn í nótt.

Risin dögun er, birtist mynd af þér
Sé ég alla leið.

Ef ég hefði boðið betur
og verið þér nær
hlustað og gefið af mér.
Það þýðir ei lengur að gefa þig upp
þegar ég hringdi, ekkert svar.

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?
Hvar ertu núna,
hvert liggur mín leið?
Spyrjum hvort annað
hvort fari ég einn . . . .

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?
Hvar ertu núna,
hvert liggur mín leið?
Spyrjum hvort annað
hvort fari ég einn í nótt.

Ertu þá farin,
ertu þá farin frá mér?

# Fatlafól

Höfundur lags: Megas Höfundur texta: Megas Flytjandi: Bubbi Morthens ásamt fleirum.

Ég þekkti einu sinni fatlafól
sem flakkaði um á hjólastól
með bros á vör en berjandi þó lóminn.
Hann ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kíttispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fatlafól, fatlafól,
flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.
Ók loks í veg fyrir valtara
og varð að klessu - ojbara.
Þeir tóku hann upp með kíttispaða
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

# Flugvélar

Höfundur lags: Jón Ólafsson Höfundur texta: Björn Jörundur Friðbjörnsson Flytjandi: Ný Dönsk

Þegar ég horfi á þig mér finnst ég vera til
Allt verður auðvelt, allt verður einfalt
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt?
Þegar ég horfi á þig lifna dauðir hlutir við
Steinarnir ilma, gráta og hlægja
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt?
að allt verði yfirstigið, hvert náttúrunnar lögmál

Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig
það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig
og býst svo til lendingar

Þegar ég horfi á þig er veröldin svo smá
í faðmlagi okkar jörðin og sólin
Getur verið að samanlagðar sálir geti einhverju breytt
að allt verði yfirstigið, hvert náttúrunnar lögmál

Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig
það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig
og býst svo til lendingar

Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
yfir úthafinu ég elska þig
það sér okkur enginn þar
Og við svífum um loftið
tvær ástfangnar flugvélar
í fimm þúsund fetum ég kyssi þig
og býst svo til lendingar
tvær ástfangnar flugvélar

# Fram á nótt

Höfundur lags: Björn Jörundur Friðbjörnsson Höfundur texta: Björn Jörundur Friðbjörnsson Flytjandi: Ný Dönsk

Börn og aðrir minna þroskaðir menn,
fóru að gramsa í mínum einkamálum,
þegar ég var óharðnaður enn
og átti erfitt með að miðla málum.

Þú varðst að ganga rekinn í kút,
til þess að verða ei fyrir aðkasti mannanna,
Og þó að þú litir alls ekki út fyrir að lifa,
eftir lögum þess bannaða.

Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma fram á nótt.
Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma.

Mitt vandamál er á andlega sviðinu,
hugsanirnar heimskar sem gínur á húsþökum.
Þú ættir að sjá í andlitið á liðinu,
er það sér úr þessu vandræði við bökum.

Þú varðst að ganga rekinn í kút,
til þess að verða ei fyrir aðkasti mannanna,
Og þó að þú lítir alls ekki út fyrir að lifa
eftir lögum þess bannaða.

Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma fram á nótt.
Hvernig kemst ég inn, þegar allt er orðið hljótt.
Fá að vera með um sinn að djamma.

# Frelsið

Höfundur lags: Björn Jörundur Friðbjörnsson Höfundur texta: Björn Jörundur Friðbjörnsson Flytjandi: Ný Dönsk

Geng nakinn um húsakynnin,
bíð nýjann dag velkominn.
Strýk framan úr mér mesta hárið.
Norðangarrinn feykir mér um kollinn á þér,
sem þú liggur á grúfu.
Andar að þér flóru landsins.

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?
Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Hér er fullt af mold
sem lyktar annars ágætlega.
Getur fólk átt erfitt með að tala?
Samt segir þú mér sannleikann
frá öllu sem þér býr í brjósti.
Liggur á bakinu, lætur tímann líða.

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?
Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Golan sveiflar gróðrinum,
gnæfir um.
Hárin risin holdið bert.
Það er gott að eiga kost á því,
að geta komist í náið samband.
Við náttúrunnar leyndardóma.

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?
Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?
Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?
Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil.
Skildi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

# Fuck her gently

Höfundur lags: Tenacious D Höfundur texta: Tenacious D Flytjandi: Tenacious D

You don't always have to fuck her hard,  In
Fact sometimes that's not right ... to do.
Sometimes you gotta make some love
And fuckin give her some smooches too

Sometimes you got to squeeze
Sometimes you got to say please
Sometimes you got to say:

I'm gonna fuck you .... softly
I'm gonna screw you gently
I'm gonna hump you....  sweetly
I'm gonna ball you ...  discretely

And then you say, Hey I brought you flowers
And then you say, Wait a minute sally!
I think I got something in my teeth
could you get it out for me?
That's fuckin' Teamwork!

What's your favorite posish?
That's cool with me it's not my favorite
but I'll do it for you
What's your favorite dish?
I'm not gonna cook it but I'll order it from Zanzibar!

And then I'm gonna love you completely
And then I'll fuckin' fuck you discretely
And then I'll fuckin bone you completely
But then...

I'm gonna fuck     you    haaaaaaaaaard
haaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaard!!!

# Glaðasti hundur í heimi

Höfundur lags: Dr. Gunni Höfundur texta: Dr. Gunni Flytjandi: Friðrik Dór

Capo á 2. bandi ( upprunaleg tóntegund er D )

Gítar 1 ( spilaður 3 sinnum ATH* með capó á 2. bandi )
{start_of_tab}
```
e|-----------------|-----------------|
B|-----------------|-----------------|
G|-----------------|-----------------|
D|-----2-2---------|---------3-2-0---|
A|-3-3-----0-0-3-3-|---------------3-|
E|-----------------|-1-1-------------|
```
{end_of_tab}

Gítar 2 (spilaður með gítar 1 í 3. sinn)
{start_of_tab}
```
e|-----------------|-----------------|
B|-----------------|-----------------|
G|-----0-0---------|-----------------|
D|-2-2---------2-2-|---------3-2-0---|
A|---------3-3-----|-0-0-----------3-|
E|-----------------|-----------------|
```
{end_of_tab}

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða'.

Ég hoppa út um holt og hóla,
bæði gelti og spangóla.
Í dag ég ætla mér bara að dóla.

Ég er frjáls og engum háður,
bæði elskaður og dáður.
Í hundaskóla lífsins hef ég margar gráður ohh ohh ho

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi.
Lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða'.

Bak við kjötbúðina slóra,
hitti Konráð Bé og Óla.
Þeir láta mig fá pulsu svaka stóra.

Ég ætla nið´rí fjöru að skreppa,
gá hvort ég finni aðra seppa.
Ef ég sé hundsrass læt ég hann ekki sleppa. ohh ohh ho

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
Mér er klappað á hverjum degi og ég er að fílaða´.
Ég er glaðasti, glaðasti, glaðasti hundur í heimi
lífið henti í mig beini og ég ætla að nagaða´.

# Gæsalagið

Höfundur lags: Böðvar Reynisson Höfundur texta: Böðvar Reynisson Flytjandi: Dalton

Við mætum hér í stuði
Til að heiðra gæs
Sem áður var lauslát tík
En nún'er orðin næs

Í hinsta fokking sinnið
Reynum við því
Að losa þig undan hjónabandi
Já hætt'að spá í því

Það eru fleiri fiskar úti
Sem að vilja setja í
En hann "Gústi"
er víst góður í því

Mannstu þá gömlu daga
Er þú varst frjáls og fín
Stráka fékkst að snerta
Þeir feng'að setja í

Væri það ekki betra "Strúna"
Að verða frjáls á ný
Gústi vertu úti
Og strúna komdu til mín

Það eru fleiri fiskar úti
Sem að vilja setja í
En hann "Gústi"
er víst góður í því

Fyrirgefðu Strúna,
Já þett'er bara grín
Farðu bara til Gústa
Og ég kippi sjálfur í

Það eru fleiri fiskar úti
Sem að vilja setja í
En hann "Gústi"
er víst góður í því

Það eru fleiri fiskar úti
Sem að vilja setja í
Og Dalton
eru góðir í því
já Dalton
eru góðir í því

# Hjá þér

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Friðrik Sturluson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Þegar kviknar á deginum og í lífinu ljós,
þegar myrkrið hörfar frá mér,
þá er eitthvað sem hrífur mig líkt og útsprungin rós,
þá vil ég vera hjá þér.

Þegar geng ég í sólinni mitt um hábjartan dag,
litafegurð blasir við mér.
Þegar heimurinn heillar mig líkt og töfrandi lag,
þá vil ég vera hjá þér.

Ég vil bæði lifa og vona,
ég vil brenna upp af ást.
Ég vil lifa með þér svona,
ég vil gleðjast eða þjást.
Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,
meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Meðan skuggarnir stækka og ýta húminu að
gamall máninn bærir á sér.
Þá vil ég eiga andartak inn á rólegum stað
þá vil ég vera hjá þér.

Ég vil bæði lifa og vona,
ég vil brenna upp af ást.
Ég vil lifa með þér svona,
ég vil gleðjast eða þjást.
Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,
meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Meðan leikur allt í lyndi,
líka þegar illa fer,
meðan lífið heldur áfram,
þá vil ég vera hjá þér.

Þegar slokknar á deginum yfirþyrmandi nótt
stormar fyrir stjarnanna her.
En það bítur mig ekkert á og ég sef vært og rótt
ef þú vilt vera hjá mér
þá vil ég vera hjá þér.

# Hjálpaðu mér upp

Höfundur lags: Björn Jörundur Friðbjörnsson Höfundur texta: Björn Jörundur Friðbjörnsson Flytjandi: Ný Dönsk

Hjálpaðu mér upp, ég get það ekki sjálfur.
Ég er orðinn leiður, á að liggja hér.
Gerum eitthvað gott, gerum það saman,
ég skal láta fara lítið fyrir mér.

Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.

Hvað getum við gert, ef aðrir bjóða betur,
dregið okkur saman og skriðið inní skelina?
Nei, það er ekki hægt að vera minni maður,
og láta slíkt og annað eins spyrjast út um sig.

Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.

Þú! Þú getur miklu betur en þú hefur gert.
Þú! Þú ert ekki sami maður og þú varst í gær.
Þú! Þú opnar ekki augun fyrr en allt of seint
opnar ekki augun fyrr en allt er breytt.

Hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera drukkna.
Drukkna í öllu þess í kringum mig.
Flýtum okkur hægt, gerum það í snatri.
Ég verð að láta fara lítið fyrir mér.

Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.
Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera drukkna.

# Kaupmaðurinn á horninu

Höfundur lags: Bubbi Morthens ásamt fleirum. Höfundur texta: Bubbi Morthens ásamt fleirum. Flytjandi: GCD

Það var einu sinni díler
sem dreymdi að eignast allt
dóp sem var í landinu og allt á sama stað
Hörðum höndum vann hann
og lævís lagði net
í lausamennsku var hjá fíknó og átti Íslandsmet

Hann hafði aldrei setið inni,
nei ekki einu sinni
Á laugadögum mætti ‘ann,
myndir gátu ei hrætt hann
hann talaði og talaði,
og malaði og malaði.
Framtíð fíknó skóp.
Hann átti bæjarins versta dóp

Hann átti fína nál og skeið
og skratti fína dælu
skríða þurftu menn til hans ef ekta vildu sælu
samkeppnin var engin
í undirheimum þá.
Alltaf varð hann fyrstur, kjafta menn á bak við slá.

Hann hafði aldrei setið inni,
nei ekki einu sinni
Á laugadögum mætti ‘ann,
myndir gátu ei hrætt hann
hann talaði og talaði,
og malaði og malaði.
Framtíð fíknó skóp.
Hann átti bæjarins versta dóp

Hann blandaði með sykri
á svaka fína vigt.
Með svaka nef á feisinu sem fann ei neina lykt.
Var hataður af fíklum
sem finna það á sér
þeir fá ekkert dóp í bænum betra eins og er.

Hann hafði aldrei setið inni,
nei ekki einu sinni
Á laugadögum mætti ‘ann,
myndir gátu ei hrætt hann
hann talaði og talaði,
og malaði og malaði.
Framtíð fíknó skóp.
Hann átti bæjarins versta dóp

# Keyrðu mig heim

Höfundur lags: Heimir Eyvindarson Höfundur texta: Heimir Eyvindarson Flytjandi: Á Móti Sól

Ég er fullur og finn ekki til
Ég sé ekki út og skil ekki neitt
Ég drekk´ekki sorgum ég drekk bar´af stút
Og nú sturta ég þessu oní mig

Ég er fullur og finn ekki neitt
Ég fer ekki fet nema þú komir með
Mér finnst ég flottur reyndu við mig
Ég vil helst ekki missa af þér

Skrúfaðu niður gluggann
heimurinn snýst í hringi
Skrúfaðu niður gluggann
svo ég æl´ekki í bílinn þinn

Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
En út af hverju, ég veit ekki

Ég er fiskur fæddur í mars
Með rísandi prómíl í blóði
Legg mig í bleyti það er víst hollt
Nú finnst mér ég hafa það fjandi gott

Skrúfaðu niður gluggann
heimurinn snýst í hringi
Skrúfaðu niður gluggann
svo ég æl´ekki í bílinn þinn

Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
En út af hverju, ég veit ekki

Ég sá brjóst, ég sá bjór, ég sá ekkert hvert hann fór
Ég fann blóðið þynnast upp, Luke og Solo far´á Leiu
Og Obi-Wan og Anankin, annað kyn, R2D2,
Obi-Wan og Anakin, í síðasta sinn

Kinn við kinn, Sandra Kim, hvert fór hinn?
vex hún upp og vex hún niður, verður stríð og verður friður
fer hún oná, fer hún undir er það satt sem er sagt
og ég reyni, ég reyni í síðasta sinn

Skrúfaðu niður gluggann
heimurinn snýst í hringi
Skrúfaðu niður gluggann
svo ég æl´ekki í bílinn þinn

Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
En út af hverju, ég veit ekki

Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
ég kemst ekki sjálfur neitt
Keyrðu mig heim, ég er fullur
En út af hverju, ég veit ekki

# Kósíkvöld

Höfundur lags: Baggalútur Höfundur texta: Baggalútur Flytjandi: Baggalútur

Skelfing er ég leiður á því að húka hér.
Ég hugsa að þú þurfir einhvern að strjúka þér.
Ég þrái það að komast klakklaust heim á ný.
Æ, komdu við í ríkinu - ekki gleyma því.

Ég ætla að byrja á því að demba mér í
furunálafreyðibað.
En ekki fara eitthvað að dúlla þér þar,
þú veist mér leiðist það,
þá kemst ég aldrei að!

Sæktu sloppana, ég skal poppa,
það er kósíkvöld í kvöld!
Vídeó, rauðvín og ostar.
Sötrum rósavín, deyfum ljósin,
það er kósíkvöld í kvöld!
Rólegheit, hvað sem það kostar.

Algert óhóf, spennulosun og spilling blind.
Sparistellið, franskar vöfflur og hryllingsmynd.
Mér áskotnuðust vindlar, við skulum púa þá.
Ég væri til í pottinn, nennirðu að skrúfa frá?

Meðan við kúrum saman tveir
fær enginn máttur skilið okkur að!
Æ, viltu auka leti mína og sækja
pínu meira sjokkólað?
Og eitthvað útí það?

Svæfðu krakkana, sæktu snakkið,
það er kósíkvöld í kvöld!
Kavíar, rauðvín og ostar.
Sæktu flísteppið og rjómaísinn,
það er kósíkvöld í kvöld!
Dejlighed, hvað sem það kostar.

Smelltu límonaði í sódastrímið,
það er kósíkvöld í kvöld!
Campari, rískex og ostar.
Skelltu Donóvan á grammófóninn
það er kósíkvöld í kvöld!
Kærlighed, hvað sem það kostar.

Fáðu þér vinur minn, dass af gini,
það er kósíkvöld í kvöld!
Smávindlar, trúnó og ostar.
Ég var að hugsa um að fara úr buxum,
það er kósíkvöld í kvöld!
kósíheit, hvað sem það kostar.

# Lagið um það sem er bannað

Höfundur lags: Sveinbjörn I. Baldvinsson Höfundur texta: Sveinbjörn I. Baldvinsson Flytjandi: Eyþór Arnalds

Það má ekki pissa bakvið hurð
og ekki henda grjóti oní skurð.
Ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó,
ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða  út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó.
Ekki tína blómin,
sem eru úti' í beði,
ekki segja ráddi, heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt.
Það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla útí búð
og ekki gefa litla bróður snúð.
Ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta,
ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann,
þó maður geri ekki neitt.
Það er alltaf að skamma mann.

# Langt fram á nótt

Höfundur lags: Heimir Eyvindarson Höfundur texta: Heimir Eyvindarson Flytjandi: Á Móti Sól

Er hugsanlegt að ég sé ekki til?
alveg eins og enginn taki eftir mér!

(Oó)...Hávaði sem eirir engu
(Oó)...WHAMM BAMM!

Fyrr en varir festist enginn svefn
Fyllist allt af undarlegum óhljóðum

(Oó)...Hávaði sem eirir engu
(Oó)...WHAMM BAMM!  (“ thank you ma'm”)

Langt, langt fram á nótt
Langt, langt fram á nótt
Rymjandi, stynjandi - fá aldrei nóg
Langt, langt fram á nótt

Allt í ein´er ólýsanleg þögn
rétt eins og táknmálsfréttir tvöfaldar
Ég get kannski sofið agnarögn
en hálfnakinn hugur minn er alelda

(Oó)...Hávaði sem eirir engu
(Oó)...WHAMM BAMM!

Langt, langt fram á nótt
Langt, langt fram á nótt
Rymjandi, stynjandi - fá aldrei nóg
Langt, langt fram á nótt

Langt, langt fram á nótt
Langt, langt fram á nótt
Rymjandi, stynjandi - fá aldrei nóg
Langt, langt fram á nótt

# Last kiss

Höfundur lags: Wayne Cochran Höfundur texta: Wayne Cochran Flytjandi: Pearl Jam

Oh where, oh where can my baby be?
The Lord took her away from me.
She's gone to heaven, so I got to be good,
so I can see my baby when I leave this world.

We were out on a date in my daddy's car.
We hadn't driven very far.
There in the road, straight ahead ...
The car was stalled, the engine was dead.

I couldn't stop, so I swerved to the right.
I'll never forget the sound that night.
The screaming tyres, the busted glass.
The painful scream that I heard last.

Oh where, oh where can my baby be?
The Lord took her away from me.
She's gone to heaven, so I got to be good,
so I can see my baby when I leave this world.

When I woke up, the rain was pourin' down.
There were people standing all around.
Something warm going through my eyes,
but somehow I found my baby that night.

I lifted her head, she looked at me and said,
'Hold me darling for a little while.'
I held her close. I kissed her, our last kiss.
I found the love that I knew I would miss.
But now she's gone, even though I hold her tight.
I lost my love ... my life, that night.

Oh where, oh where can my baby be?
The Lord took her away from me.
She's gone to heaven, so I got to be good,
so I can see my baby when I leave this world.

# Leiðin okkar allra

Höfundur lags: Þorsteinn Einarsson Höfundur texta: Einar Georg Einarsson Flytjandi: Hjálmar

Ég ætla mér, út að halda
Örlögin valda því.
Mörgum á ég, greiða að gjalda
Það er gömul saga og ný.

Guð einn veit, hvert leið mín liggur
Lífið svo flókið er.
Oft ég er, í hjarta hryggur
En ég harka samt af mér.

Eitt lítið knús, elsku mamma
Áður en ég fer.
Nú er ég kominn til að kveðja
Ég kem aldrei framar hér.

Er mánaljósið, fegrar fjöllin
Ég feta veginn minn.
Dyrnar opnar draumahöllin
Og dregur mig þar inn

Ég þakkir sendi, sendi öllum
Þetta er kveðja mín
Ég mun ganga á þessum vegi
Uns lífsins dagur dvín
Ég mun ganga á þessum vegi
Uns lífsins dagur dvín

# Lengi skal manninn reyna

Höfundur lags: Megas Höfundur texta: Þorvaldur Þorsteinsson Flytjandi: Megas ásamt fleirum.

Margt hugar þíns fóstur svo firna ljótt
þú felur, því illu skal leyna.
En mundu að lífið er léttasótt.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Þó fátt eitt þú megnir og flest sé tál
og frækorn þín hrjóti um steina,
þá mundu að lífið er leyndarmál.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Ef tregarðu' að Kristur þitt traust og hald
í tötrum var þræddur á fleina.
Þá mundu að lífið er lausnargjald.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Þó besefinn virðist þér brunnið gjall
sem brotnar er neglirðu hreina.
Þá manstu að lífið er  lykkjufall.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Ef bagar þig hugsun um börn og þras,
og botna sem hönd þín má skeina.
Þá mundu að lífið er lambagras.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Ef hjúskapinn eitrar þinn hrái stíll
við að hnýta 'uppí  bandvana sveina.
Þá manstu að lífið er leigubíll.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

Ef sundlar þig illa þá sýra og bús
í sjöunda himin þér beina.
Þá mundu að lífið er lyftuhús.
Lengi skal manninn,
lengi skal manninn reyna.

# Litla sæta ljúfan góða

Höfundur lags: Thore Skogman Höfundur texta: Valgeir Sigurðsson Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson

Cabo 3. bandi

Víða liggja leiðir.
Löngum útþrá seiðir.
Margur sinni æsku eyðir
úti á köldum sæ.

Langt frá heimahögum.
Hef ég mörgum dögum
eytt og æskuárin streyma
en ég skal aldrei, aldrei gleyma
blíðri mey sem bíður heima
bjarta nótt í maí.

Litla, sæta, ljúfan góða,
með ljósa hárið.
Lætur blíðu brosin sín
bera rósailm og vín,
allar stundir út til mín.

Litla, sæta, ljúfan góða,
með ljósa hárið
fyrir hana hjartað brann.
Hún er allra besta stúlkan sem ég fann.

Hennar hlátur minnir mig á fossanið.
Af hennar munni vil ég teyga sólskinið.
Vorsins blær, sem hennar kitlar kinn,
er kossinn þyrstir mig.

Hennar augu ljóma eins og hafið blátt.
Ég hef ótrúlega hraðan hjartaslátt.
Hún er stúlkan sem ég einni ann.
Ég enga betri fann.

Litla, sæta, ljúfan góða,
með ljósa hárið
fyrir hana hjartað brann.
Hún er allra besta stúlkan sem ég fann.

Hennar hlátur minnir mig á fossanið.
Af hennar munni vil ég teyga sólskinið.
Vorsins blær, sem hennar kitlar kinn,
er kossinn þyrstir mig.

Hennar augu ljóma eins og hafið blátt.
Ég hef ótrúlega hraðan hjartaslátt.
Hún er stúlkan sem ég einni ann.
Ég enga betri fann.

Litla, sæta, ljúfan góða,
með ljósa hárið
fyrir hana hjartað brann.
Hún er allra besta stúlkan sem ég fann.

# Ljúft að vera til - Þjóðhátíðarlag 2014

Höfundur lags: Jón Ragnar Jónsson Höfundur texta: Jón Ragnar Jónsson Flytjandi: Jón Ragnar Jónsson

Í Herjólfsdalnum, við lífsins njótum.
Það er svo ljúft að vera til.
Vináttuörvum allt í kring skjótum.
Samveran veitir birtu og yl.

Hér er hamingja, ást og gleði.
Stemmingin í dalnum er svo blíð.
Forréttindi að vera með í,
veisluhöldunum á þjóðhátíð.

Eyja meyja og peyja ,lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.
Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.

Í bleikri brekkunni við syngjum saman.
Svo ljúft að vera þér við hlið.
Í þínum örmum svo hlýtt svo gaman.
Vor bjarta framtíð blasir við.

Hér er hamingja, ást og gleði.
Stemmingin í dalnum er svo blíð.
Forréttindi að vera með í,
veisluhöldunum á þjóðhátíð.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.
Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.
Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera.

Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til.
Eyja meyja og peyja, lof mér að segja,
ó, hve ljúft það er að vera til,
ó, hve ljúft það er að hafa þig,
ó, hve ljúft það er að vera á Þjóðhátíð.

# Lífið er yndislegt

Höfundur lags: Hreimur Örn Heimisson Höfundur texta: Hreimur Örn Heimisson Flytjandi: Hreimur Örn Heimisson ásamt

Á þessu ferðalagi fylgjumst við að.
Við eigum örlítinn vonarneista fyrir hvort annað.
Í ljósu mánaskini vel ég mér stund og segi:
Ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig.
Ég væri ekkert án þín, myrkrið hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Blikandi stjörnur skína himninum á.
Hún svarar, ég trúi varla því sem augu mín sjá
og segir ég gef þér hjarta mitt þá skilyrðislaust
Ég veit að þú myndir klífa hæstu hæðir fyrir mig
Ég væri ekkert án þín, myrkrið hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Nóttin hún færist nær, hér við eigum að vera.
núna ekkert okkur stöðvað fær
undir stjörnusalnum, inní herjólfsdalnum.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

# Lög og regla

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Hvers vegna eru lög og regla
til að fela hitt og þetta?
Blóðug spor og handjárn smella
skýrslur segja: „Hann var alltaf að detta."

Börðu hann í bílnum með kylfum og hnúum
hædd'ann og svívirtu með tungum hrjúfum
Ekkert sást nema lítið mar
þetta var slys við vorum ekki þar.

Við heyrðum hann kalla, biðja um vatn,
kvartaði líka um honum væri kalt.
Seinna um nóttina talaði út í bláinn.
það var ekki fyrr í morgun
að við sáum að hann væri dáinn.

Ekki benda á mig, segir varðstjórinn.
Þetta kvöld var ég að æfa lögreglukórinn,
Spyrjið þá sem voru á vakt.
Ég ábyrgist þeir munu segja satt.

# Minning

Höfundur lags: Bob Dylan Höfundur texta: Ingibjörg Gunnarsdóttir Flytjandi: Björgvin Halldórsson ásamt fleirum.

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar
Þakklæti og trú.

Þegar einhvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

    Þó ég fái ekki að snerta þig
    veit ég samt að þú ert hér,
    og ég veit að þú munt elska mig
    geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf getað huggað mig
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

    Þó ég fái ekki að snerta þig
    veit ég samt að þú ert hér,
    og ég veit að þú munt elska mig
    geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

# Nostradamus

Höfundur lags: Ný Dönsk Höfundur texta: Ný Dönsk Flytjandi: Ný Dönsk

Faðir afa míns er eitthundrað og sextíu ára.
Hitti hann fyrir viku, drukkum púrtvín, spiluðum Tarot
Ég er steingeit en hann er vog
Miðillinn segir að það sé ágætis samband.

Horfi á áruna sveipa þig dulúðlegum blæ
Þú ert falleg með þriðja auganu séð
Öll þessi námskeið hafa gert mér svo gott
Loksins er ég stjörnufróður spámaður með eindæmum

Nostradamus var ekkert merkilegri en ég
Ég get ráðið framtíðina alveg eins og hann.
Komandi tíð mun verða hörð en bærileg
Frétti það á spjalli við löngu látinn mann.

Nostradamus var ekkert merkilegri en ég
Ég get ráðið framtíðina alveg eins og hann.
Komandi tíð mun verða hörð en bærileg
Frétti það á spjalli við löngu látinn mann.

Allt í einu sé ég...
Himnana opnast fyrir ofan mig
Regnið fellur með þrumugný
Vera í mannsmynd mælir á framandi tungu

Nostradamus var ekkert merkilegri en ég
Ég get ráðið framtíðina alveg eins og hann.
Komandi tíð mun verða hörð en bærileg
Frétti það á spjalli við löngu látinn mann.

Allt sem ég sé það hefur ótal hliðar
Víddirnar fléttast saman og mynda eina
Þar sem að litir og lögun skipta engu
Hverf inn í sjálfan mig og kveð ykkur að sinni

Nostradamus var ekkert merkilegri en ég
Ég get ráðið framtíðina alveg eins og hann.
Komandi tíð mun verða hörð en bærileg
Frétti það á spjalli við löngu látinn mann.

Gítarsóló:

Nostradamus var ekkert merkilegri en ég
Ég get ráðið framtíðina alveg eins og hann.
Komandi tíð mun verða hörð en bærileg
Frétti það á spjalli við löngu látinn mann.

# Nýbúinn

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Hvar er íslenskara en jökullinn drifhvítur, baðaður heitri vorsól
og þessi tæri blái litur himinhvolfsins sem blasir við okkur hér í dag.

Svart er svart, gult er gult
hjarta þitt af hatri fullt.
Júkkar, nama, negrahyski
éta matinn af mínum diski.

Ég heyri hvíslað Ísland fyrir íslendinga.
Ég heyri hvíslað Ísland fyrir íslendinga.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.

Svart er fallegt, fallegt er gult
hjarta þitt af hatri fullt
fáfræði og fordóma
holur tónn hrokans ómar.

Ég heyri hvíslað Ísland fyrir íslendinga.
Ég heyri hvíslað Ísland fyrir íslendinga.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.

Í gegnum aldir hefur hinn íslenski kynstofn orðið sterkari og sterkari.
Því hinir sterku, ég endurtek: aðeins hinir sterku lifðu af.
Kæru landar nú er vá fyrir dyrum: Hingað streymir litað fólk.

Ég heyri hvíslað Ísland fyrir íslendinga.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.
Farðu heim til þín, farðu heim til þín.

# Of feit fyrir mig

Höfundur lags: A. Godfrey Höfundur texta: Laddi Flytjandi: Laddi

Hér er léleg vísa sem þú lærir undir eins
því hún er alltaf eins og er ekki til neins
Hún er bara til þess eins að syngja hana dátt
hátt og lágt, kátt og smátt með opið upp á gátt

Og þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,
því hún er allt of feit.
Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana
því hún er alltof feit, allt of feit, allt of feit,
já hún er allt of feit

Ég verð ofsalega heppin
ef ég losna nú við fitukeppinn

Þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,
hún er allt of feit.
Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana
því hún er alltof feit, allt of feit, já allt of feit,
hún er allt of feit

Kemst hún sjálf ofan í bað?
Hehehehe nei nei nei nei nei.
Kemst hún ein út á hlað?
Hehehehe nei nei nei nei nei.
Kemurðu henni inn í bíl?
Ekki frekar en fíl.
Er hægt að lyfta henni, halda á henni?
Nei nei nei.

Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana
Of feit fyrir mig, of feit fyrir mig,
passleg fyrir mig.
Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana
Of feit fyrir mig, já hún er of feit, já allt of feit,
passleg fyrir mig.

Hún er þrýstin og mjúk og bústin
Já og borðar mikið og hlær og hristir spikið

Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana
Of feit fyrir mig, of feit fyrir mig,
passleg fyrir mig.
Ég skal taka hana ef þið viljið ekki eiga hana,
hún er passleg fyrir mig
En hún er of feit, já allt of feit,
hún er passleg fyrir mig

Hún er tvöföld ef ekki fjórföld,
ef skyldi hún megrast þá myndi hún ekkert fegrast

Og þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,
hún er allt of feit.
Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana

# Ofboðslega frægur

Höfundur lags: Egill Ólafsson Höfundur texta: Jakob Frímann Magnússon Flytjandi: Stuðmenn

Hann er einn af þessum stóru,
sem í menntaskólann fóru
og sneru þaðan valinkunnir andans menn.
Ég sá hann endur fyrir löngu,
í miðri Keflavíkurgöngu,
hann þótti helst til róttækur og þykir enn.

Já hann er, enginn venjulegur maður,
og hann býr, í næsta nágrenni við mig,
og hann er alveg ofboðslega frægur,
hann tók í höndina á mér, heilsaði mér.
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég fór gjörsamlega í hnút
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég hélt ég myndi fríka út

Hann hefur samið fullt af ljóðum,
alveg ofboðslega góðum,
sem fjalla aðallega um sálar líf þíns innri manns.
Þau er ekki af þessum heimi,
þar sem skáldið er á sveimi
miðja vegu milli malbiksins og regnbogans.

Já hann er, enginn venjulegur maður,
og hann býr, í næsta nágrenni við mig,
og hann er alveg ofboðslega frægur,
hann tók í höndina á mér, heilsaði mér.
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég fór gjörsamlega í hnút
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég hélt ég myndi fríka út

Við ræddum saman heima og geyma,
ég hélt mig hlyti að vera að dreyma
en ég var örugglega vakandi.
Mér fannst hann vera anzi bráður,
hann spurði hvort ég væri fjáður
og hvort ég væri allsgáður og akandi.

Já hann er, enginn venjulegur maður,
og hann býr, í næsta nágrenni við mig,
og hann er alveg ofboðslega frægur,
hann tók í höndina á mér, heilsaði mér.
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég fór gjörsamlega í hnút
Hann sagði: „Komdu sæll og blessaður“
ég hélt ég myndi fríka út

# Orginal

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Friðrik Sturluson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Það er ekki nóg að hafa
sannanir, staðreyndir
Þó þú þykist vita um hvað
málið snýst, fyrir víst

Það er allt á huldu hér
og í raun og veru er
ekkert svar að fá
nema þetta hér

Ég er bara ég,
þú ert bara þú
Ég er bara mynd
Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

Ég get ekki fundið neina
ástæðu, skýringu
Kannski eru þetta bara
ofsjónir, vísindi
Þú skalt ekki trúa mér
það má rækta hvað sem er
nýja líkama, þúsund manna her

Ég er bara ég,
þú ert bara þú
Ég er bara mynd
Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

Mynd af þér ég er alveg orginal

Ég er spegilmynd af þér
ég veit ekki hver ég er
hver er orginal

# Pabbi þarf að vinna

Höfundur lags: Baggalútur Höfundur texta: Baggalútur Flytjandi: Baggalútur

Ekki fara að gráta vinur minn.
Ekki fara að gráta litla skinn.
Þó pabbi þurfi að vinna,
þá getur þú sofið rótt.

Ekki fara að vola vina mín.
Ekki skæla eins og mamma þín
þó pabbi þurfi að vinna,
pabbi þurfi að vinna í nótt.

Hann þarf að hitta mennina.
Hann þarf að hitta mennina
og fara aðeins með þeim niður í bæ.
Pabbi þarf að vinna í nótt.

Hættu nú að kjökra í koddann þinn.
Já, farðu nú að sofa í hausinn þinn.
Þó mamma skelli hurðum,
þá getur þú sofið rótt.

Þó mamma ykkar sé sem þrumuský,
er óþarfi að gera mál úr því
þó pabbi þurfi að vinna,
pabbi þurfi að vinna í nótt.

Hann þarf að hitta mennina.
Hann þarf að hitta mennina
og fara aðeins með þeim niður í bæ.
Pabbi þarf að vinna í nótt.

Hann þarf að hitta mennina.
Hann þarf að hitta mennina
og fara aðeins með þeim niður í bæ.
Pabbi þarf að vinna í nótt.
Pabbi þarf að vinna í nótt.
Pabbi þarf að vinna í nótt.

# Rangur Maður

Höfundur lags: Sólstrandargæjarnir Höfundur texta: Sólstrandargæjarnir Flytjandi: Sólstrandargæjarnir

Af hverju get ég ekki
lifað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki
lifað business lífi
keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki
gengið menntaveginn
þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki
gert neitt af viti
af hverju fæddist ég loser

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Af hverju er lífið svona ömurlegt
ætli það sé skárra í Zimbabwe

Af hverju var ég fullur á virkum degi
af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki
byrjað í íþróttum
og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki
verið jafn hamingjusamur
og Sigga og Grétar í Stjórninni

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

# Rósin

Höfundur lags: Friðrik Jónsson Höfundur texta: Guðmundur Halldórsson Flytjandi: Karlakórinn Fóstbræður ásamt fleirum

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa  blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa  blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

# Serbinn

Höfundur lags: Egó Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Spegilmyndir á votu malbiki
Öskur trúðsins í nóttinni
Grátur eldsins inní sólinni
feguðin kemur frá sálinni
sólin svíður svarta moldina
líf sprettur af svitanum

Títóismi knýttum bökum
eitt lítið, eitt lítið serbneskt blóm

Sáðmaðurinn yrkir jörðina
hláturinn kemur frá akrinum
móðurmjólkina sýgur sakleysið
frelsið fæðist í hjartanu
endurfæddur útí auðninni
sigurglampi í augunum

Títóismi knýttum bökum
eitt lítið, eitt lítið serbneskt blóm

Skuggar kvöldsins kæla herðarnar
ljósin kyssa gluggana
bjarminn frá eldinum sýnir rúnirnar
ristar í andlitum mannanna
með svefninum koma minningar
votar grafir hetjunnar

Títóismi knýttum bökum
eitt lítið, eitt lítið serbneskt blóm

# Sexy and I Know It

Höfundur lags: LMFAO Höfundur texta: LMFAO Flytjandi: Noah Guthrie

When I walk on by, girls be looking like ohh he's fly
I pimp to the beat, walking on the street in my new lafreak, yeah
This is how I roll, animal print, getting out of control,
It's RedFoo with the big afro And just like Bruce Lee I've got the grow

ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
I work out

When I walk on the spot, this is what I see
Everybody stare staring at me
I got passion in my pants and I ain't afraid to show it
show it, show it, ohhh I'm sexy and I know it

yeahh I'm sexy and I know it
oohh I'm sexy and I know it
I'm sexy and I know it

When I'm at the mall, security just can't fight 'em off
When I'm at the beach, I'm in a speedo trying to tan my cheeks
yeahhThis is how I roll, come on ladies it's time to go
We headed to the bar, baby don't be nervous
No shoes, no shirt, and I still get service

ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
ohh ohh Girl look at that body
I work out

When I walk on the spot, this is what I see
Everybody stare staring at me
I got passion in my pants and I ain't afraid to show it
show it, show it, yeahh I'm sexy and I know it

I'm sexy and I know it
oohh I'm sexy and I know it
Yeahh I'm sexy and I know it

So Wiggle, wiggle, wiggle, yeah
ohh Wiggle, wiggle, wiggle, yeah  yeah yeah
Wiggle, wiggle, wiggle, yeah
ohh Wiggle, wiggle, wiggle, yeah  I'm sexy and I

know it  I'm sexy and I
know it  ohh yeah I'm sexy and I
know it  I'm sexy and I
know it  mmmh I'm sexy and I know mmmmm

# Sjúddirarí rei

Höfundur lags: Gylfi Ægisson Höfundur texta: Gylfi Ægisson Flytjandi: Gylfi Ægisson

Capo á 2.bandi

Sjúddirarerei, sjúddirarira,
á Flosa Ólafs er sko líf og fjör

Á Flosa Ólafs kokkurinn er kona,
köllunum þeim finnst það betra svona.
Hún er ofsa sæt og heitir  Fríða.
Hún á það til að leyfa' okkur að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
leyfa' okkur að kyssa sig á kinn.

Er ég í koju kominn er á kvöldin,
kvensemin strax tekur af mér völdin,
og mitt yndi er þá ekki bókin,
aftur á móti strýk ég á mér
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
strýk ég á mér skallann ótt og títt.

En í næstu koju hvílir Fríða,
kvenleg mjög með augnaráðið blíða,
og mér finnst hún ofsa falleg skvísa,
enda fer mér undireins að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
undireins að langa hennar til.
.
Eitt er það sem veldur mér þó ama,
öllum hinum yrði ekki sama,
ég veit þeir yrðu ekkert ofsaglaðir,
enda greyin sjálfir orðnir
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
sjálfir orðnir spenntir eins og ég.

Ég verð að haga seglum eftir vindi,
eiga'na sem algjört augnayndi,
og svo næst er ég í landi stoppa,
veit ég að hún leyfir mér að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
leyfir mér að eiga nótt sér hjá.

Þá verður lífið algjör syndasæla,
sjálfsagt fara hinir þó að skæla,
og hópast vilja að henni í heilum bunka,
ég held þeir verði sér þá bara að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
sér þá bara að skiljast að hún er mín.

# Skjóttu mig í nótt

Höfundur lags: Skítamórall Höfundur texta: Skítamórall Flytjandi: Skítamórall

Sýndu mér í innsta fylgsni þitt,
þá skal ég svo sýna þér í mitt.
finnum hvernig hjörtu okkar slá.

Snertu mig og ég skal snerta þig,
leyfðu mér sýna þér hvernig
ég get gert þig eilífa í nótt.

Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Ég sagði skjóttu mig í nótt.

Sérðu eftir því að hafa hitt,
eða langar þig í mig og mitt?
Skjótum saman þá í þessa ferð.

Ég bíð spenntur eftir næsta dag
því ég fíla að spila þetta lag.
Þú ert höllin mín og ég er þín.

Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Ég sagði skjóttu mig í nótt.

úúú... ba, ba, ba úúú...
úúú... ba, ba, ba úúú...
úúú... ba, ba, ba úúú...
úúú... ba, ba, ba úúú...

Snertu mig og ég skal snerta þig,
leyfðu mér sýna þér hvernig
ég get gert þig eilífa í nótt.

Ég bíð spenntur eftir næsta dag
því ég fíla að spila þetta lag.
Þú ert höllin mín og ég er þín.

Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Ég sagði skjóttu mig í nótt.

Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Skjóttu mig í nótt.
Ég sagði skjóttu mig í nótt.

# Spenntur

Höfundur lags: Einar Bárðarson Höfundur texta: Einar Bárðarson Flytjandi: Á Móti Sól

Soltið skrýtin, soltið þvæld
Samt ekk'of mikið, ekk'útpæld
Þó ekki afleit, einhver fær
Samt ekk'of mikið komdu nær.

Enn ein nóttin engin hér
Ég sit hér einn með sjálfum mér
Finnst allt svo tómlegt, líður hægt
Finn ekkert fyrr en hefur lægt
Það hjálpar ekkert hvað þú ert sæt

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

Svoltið fríkað soltið svart
Kannsk'ekkert skýtið dáldið hart
Það er ótrúlega sárt
Að finna svona mikið fyrir ást
Það hjálpar ekkert hvað þú ert sæt

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

Oft á tíðum þá sé ég ekki út
Stund og staður binda á mig hnút

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér
Mig langar bar'að vera einn með þér
Þó vindar blás'á móti stend ég hér
Ég er miklu meir'en spenntur fyrir þér

# Strákarnir á Borginni

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Strákarnir á Borginni hneyksla engan
með förðuð bros þó þeir kyssast og daðri,
labba um með sitt bleika gos,
sitt frosna bros í myrkrinu hvítur farði.

Ég er vel upplýstur, veit allt um hommana,
hef lesið bækur, séð kvikmyndir.
Það er í lagi með strákana,
þeir bera syndirnar
í þjóðfélagi sem hatar þá.

Sonur minn er enginn hommi,
hann er fullkominn eins og ég.
Þó hann máli sig um helgar.
Þú veist hvernig tískan er.

Strákarnir á Borginni
hittast öll laugardagskvöld
á barnum inn í Gylltasal.
Því veröldin er köld á tölvuöld
þeir labba um með hlýtt fas.
Dyraverðir hata þá, hóta að skera undan, steikja og flá.
Samt brosa strákarnir og laga á sér hárið.
Því sumir eru drottningar
og aðrir eru prinsessur.

Sonur minn er enginn hommi,
hann er fullkominn eins og ég.
Þó hann máli sig um helgar.
Þú veist hvernig tískan er.

# Syneta

Höfundur lags: Martin Hoffman Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens

Capo á 3. bandi

Milli jóla og nýárs um nótt við komum,
í nístingskulda, slyddu og éli'.
Syneta hét skipið sem skreið við landið,
með skaddað stýri og laskaða vél.

Við austurströndina stóðum á dekki,
störðum í sortans kólguský,
drunur brimsins bárust um loftið,
bæn mín drukknaði óttanum í.

Innst í firðinum sáum við ljósin lýsa,
ljósin sem komu þorpinu frá,
um síðir þau hurfu í hríðina dökku,
um hjörtu okkar flæddi lífsins þrá.

Þessa nótt skipið á Skrúðanum steytti,
skelfing og ótti töku öll völd.
Í bátana komumst við kaldir og þreyttir,
í kolsvarta myrkri beið aldan köld.

Þá nótt við dóum, drottinn minn góður,
drukknuðum bjarg'lausir einn og einn.
Himinn og haf sýndust saman renna,
okkar síðasta tak var brimsorfinn steinn.

Innst í firðinum sáum við ljósin lýsa,
ljósin sem komu þorpinu frá,
um síðir þau hurfu í hríðina dökku,
um hjörtu okkar flæddi lífsins þrá.

Í þangi við fundumst, en fimm ennþá vantar,
fjörunni aldan skilaði oss,
í hús á börum við bornir vorum
með bláa vör eftir öldunnar koss.

Ef þú siglir um sumar, vinur,
og sérð við Skrúðinn brimsorfin sker,
viltu biðja þeim fyrir er fórust,
þeim fimm sem aldrei skiluðu sér.

# Síðan Hittumst Við Aftur

Höfundur lags: Helgi Björnsson Höfundur texta: Helgi Björnsson Flytjandi: SSSól

Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið

Ég stend hérna einn í rigningunni
ég hugsa til þín í öðru landi
ég horfi til himins á stjörnurnar
eru þær eins hjá þér

Ef ég ætti þrjár óskir, þá ég óskaði mér
að ég gæti flogið, flogið til þín
yfir fjöll, yfir höf til þín

Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Við eigum heiminn
og allt sem í honum er
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið

Mig langar að klifra upp á regnbogann.
Mig langar að synda í tunglsljósi.
Mig langar að sigra jökulinn,
eldfjöllin, ó, með þér.

Ég get ekki sungið, ég get ekki grátið.
Ég get ekki fundið norðurljósin,
tilganginn, fullkomnun án þín.

Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Við eigum heiminn
og allt sem í honum er
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið

Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Við eigum heiminn
og allt sem í honum er
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Við eigum heiminn
og allt sem í honum er

Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið
Við eigum heiminn
og allt sem í honum er
Og síðan hittumst við aftur
á miðri leið...

# Sódóma

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Stefán Hilmarsson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Skuggar í skjóli nætur
skjóta rótum sínum hér.
Farði og fjaðrahamur,
allt svo framandi er.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

Sviti og sætur ilmur
saman renna hér í eitt.
Skyrta úr leðurlíki
getur lífinu breytt.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Tíminn fellur í gleymskunnar dá.
Fyrirheit enginn á,
aðeins draumar og þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

Hérna er allt sem hugurinn gæti girnst.
já og eðal guðaveigar
Nóttin er ung og hún iðar í takt við þig.
Allt getur gerst og eflaust gerist það víst
bara bruggið ef þú teigar.

Svo er svifið þöndum vængjum.
Svo er svifið þöndum vængjum.
Sódóma!
Yeah-yeah-yeah-yeah.
Sódóma!
Yeah-yeah-yeah-yeah.

Holdið er hlaðið orku,
hafið yfir þína sýn.
Drjúpa af dimmum veggjum,
dreyri, vessar og vín.

Fyrirheit enginn á,
aðeins von eða þrá.
Lífið fellur í gleymskunnar dá.
Fyrirheit enginn á,
aðeins draumar og þrá.
Svo á morgun er allt liðið hjá.

# Tribute

Höfundur lags: Tenacious D Höfundur texta: Tenacious D Flytjandi: Tenacious D

This is the greatest and best song in the world...Tribute.
Long time ago me and my brother Kyle here,
We was hitchhikin' down a long and lonesome road.
All of a sudden, there shined a shiny demon...
In the middle of the road.
And he said:

"Play the best song in the world, or I'll eat your souls."
Well me and Kyle, we looked at each other,
And we each said... "Okay"

And we played the first thing
that came to our heads,
Just so happened to be,
The Best Song in the World,
it was The Best Song in the World.

Look into my eyes and it's easy to see
One and one make two, two and one make three,
It was destiny.
Once every hundred-thousand years or so,
When the sun doth shine and the moon doth glow
And the grass don't grow...

Needless to say, the beast was stunned.
Whip-crack went his schwumpy tail,
And the beast was done.
He asked us: "Be you angels?"
And we said, "Nay. We are but men!"

ROCK!

Ahhh, ahhh, ahhh-ah-ah,
Ohhh, whoah, ah-whoah-oh!

This is not The Greatest Song in the World.
No, this is just a tribute.
Couldn't remember The Greatest Song in the World.
No, this is a tribute, oh.

To The Greatest Song in the World, All right!
It was The Greatest Song in the World, All right!
It was the best muthafuckin' song
The greatest song in the world.

And the peculiar thing is this my friends:
The song we sang on that fateful night,
It didn't actually sound anything like this song.

This is just a tribute! You gotta' believe me!
And I wish you were there! Just a matter of opinion.
Ah, fuck! Good God, God lovin',
So surprised to find you can't stop it.

# Tvær stjörnur

Höfundur lags: Megas Höfundur texta: Megas Flytjandi: Megas

Tíminn flýgur áfram
og hann teymir mig á eftir sér
og ekki fæ ég miklu ráðið
um það hvert hann fer.
En ég vona bara að hann
hugsi svolítið hlýlega til mín
og leiði mig á endanum aftur til þín.

Ég gaf þér forðum
keðju úr gulli um hálsinn þinn,
svo gleymdir þú mér ekki
í dagsins amstri nokkurt sinn.
Í augunum þínum svörtu horfði
ég á sjálfan mig um hríð
og ég vonaði að ég fengi
bara að vera þar alla tíð.

Það er margt sem angrar
en ekki er það þó biðin
Því ég sé það fyrst á rykinu,
hve langur tími er liðinn.
Og ég skrifa þar eitthvað með
fingrinum sem skiptir öllu máli.
Því að nóttin mín er dimm
og ein og dagurinn á báli.

Já, og andlitið þitt málað,
hve ég man það alltaf skýrt,
augnlínur og bleikar varir,
brosið svo hýrt.
Jú ég veit vel, að ókeypis
er allt það sem er best.
En svo þarf ég að greiða
dýru verði það sem er verst.

Ég sakna þín í birtingu
að hafa þig ekki við hlið mér
og ég sakna þín á daginn
þegar sólin brosir við mér.
Og ég sakna þín á kvöldin
þegar dimman dettur á.
En ég sakna þín mest á nóttinni
er svipirnir fara á stjá.

Svo lít ég upp og sé
við erum saman þarna tvær
stjörnur á blárri festingunni
sem færast nær og nær.
Ég man þig þegar augun mín
eru opin, hverja stund.
En þegar ég nú legg þau aftur,
fer ég á þinn fund.

# Týnda kynslóðin

Höfundur lags: Bjartmar Guðlaugsson Höfundur texta: Bjartmar Guðlaugsson Flytjandi: Bjartmar Guðlaugsson

Capó á 2. bandi (lagið er upphaflega í Bm)

Pabbi minn kallakókið sýpur
hann er með eyrnalokk og strípur
og er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Mamma beyglar alltaf munninn
þegar hún maskarar augun
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Blandaðu mér í glas segir hún
út um neðra munnvikið.
Ekki mikið kók, ekki mikinn ís,
réttu mér kveikjarann.
Barnapían er með blásið hár
og pabbi yngist upp um
átján ár á nóinu.
Drífðu þig nú svo við missum
ekki af Gunnari og sjóinu.

Pabbi minn setur Stones á fóninn
fæst ekki um gömlu partýtjónin,
hann er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Nú skal honkí tonkið spilað
þó svo að mónóið sé bilað,
hann er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Manstu eftir Jan og Kjell,
segir hann eftir gítarsólóið.
Manstu eftir John,
manstu eftir Paul,
réttu mér albúmið.
Þá var pabbi sko með heví hár
en síðan hafa liðið
hundrað ár á nóinu.
Drífðu þig nú svo við
missum ekki af matnum og sjóinu

Það er alltaf sama stressið
sú gamla er enn að víkka dressið
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Mamma beyglar alltaf munninn
Þegar hún maskarar augun
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Blandaðu mér í glas segir hún
út um neðra munnvikið.
Ekki mikið kók, ekki mikinn ís,
réttu mér kveikjarann.
Barnapían er með blásið hár
og pabbi yngist upp um
átján ár á nóinu.
Hringdu á bíl svo við missum
ekki af borðinu og sjóinu.

Mamma beyglar alltaf munninn
Mamma beyglar alltaf munninn
Mamma beyglar alltaf munninn
Hún er að fara á ball, hún er að fara á ball.

# Undir þínum áhrifum

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Stefán Hilmarsson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Ég er ofurseldur þér og uni vel.
Það er annað finnst mér allt mitt hugarþel.
Sem ég horfi á þig sofa finn ég að
það er brotið nú í lífi mínu blað.

Ég hef beðið nokkuð lengi eftir þér,
svo ég segi það hreint alveg eins og er.
Og ég hugsa alla daga til þín heitt.
Alveg ótrúlegt hve allt er orðið breytt.

Það er varla nokkur heppnari en ég.
Þessi tilfinning er ævintýraleg.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.

Þú ert náttúrunnar undurfagra smíð,
verður hörpu minnar strengur alla tíð.
Það er ekki nokkur sem að brosir eins og þú.
Og ég lofa gjafir lífsins fyrr og nú.

Ooooooooooooo
Mmmmmmmmmmmmm
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.

Þú hefur löngu sigrað mig.
Takmarkalaust ég trúi á þig.
Mitt allt er þitt og verður
ókomin ár.

Ég mun elska þig allt fram á hinstu stund.
Uns ég held um síð á feðra minna fund.
En að líkum hef ég tímann fyrir mér
og ég hlakka til að eyða honum með þér.

Það er varla nokkur heppnari en ég.
Þessi tilfinning er ævintýraleg.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð áfram, enginn vafi er um það.
Ég er undir þínum áhrifum í dag.
og verð alltaf, enginn vafi er um það.

# Vegbúinn

Höfundur lags: KK Höfundur texta: KK Flytjandi: KK

Þú færð aldrei'að gleyma
þegar ferð þú á stjá.
Þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin,
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Eitt er að dreyma
og annað að þrá.
Þú vaknar að morgni
veginum á.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

# Vertu ekki að plata mig

Höfundur lags: Björgvin Halldórsson Höfundur texta: Þórhallur Sigurðsson ásamt fleirum. Flytjandi: HLH flokkurinn ásamt

Ég sá hana í horninu á Mánabar
Hún minnti mig á Brendu Lee
Ég skellti krónu í djúkboxið
Og hækkaði vel í því

Hún þagði bara og lakkaði á sér neglurnar
Og þóttist ekki taka eftir mér
Í hægðum mínum labbaði að borðinu
Og sagði hátt

Komdu með, ég bið þig
Komdu með, ég bið þig
Ég vona að þú segir ekki nei við mig
Því trúðu mér, ég dái þig
Það eina sem skiptir máli, ert þú og ég

Vertu ekki að plata mig,
Þú ert bara að nota mig
Ég er ekki eins og allar stelpurnar
Sem hoppa upp í bíla, með hverjum sem er.

Ó, trúðu mér, ég er ekki að plata þig
Kæra vina viltu treysta mér,
Aðeins stjörnurnar á himnum
Vita hvað í mínu hjarta býr,

Ég myndi gera allt í veröldinni, fyrir þig
Ef þú aðeins vildir fylgja mér
Á drekanum við rennum niðrí bæ,
Í fjórða gír

Komdu með, ég bið þig
Komdu með, ég bið þig
Ég vona að þú segir ekki nei við mig
Því trúðu mér, ég dái þig
Það eina sem skiptir máli, ert þú og ég

Vertu ekki að plata mig,
Þú ert bara að nota mig
Ég er ekki eins og allar stelpurnar
Sem hoppa upp í bíla, með hverjum sem er.

# Vertu þú sjálfur

Höfundur lags: SSSól Höfundur texta: Helgi Björnsson Flytjandi: SSSól

Vertu þú sjálfur,
gerðu það sem þú vilt.
Vertu þú sjálfur,
eins og þú ert.
Láttu það flakka,
dansaðu í vindinum.
Faðmaðu heiminn,
elskaðu.

Farðu alla leið
Va-bam-a-lú-ma-ba-ba-bei
Farðu alla leið.
Allt til enda, alla leið.

Vertu þú,
þú sjálfur.
Gerðu það
sem þú vilt.
Jamm og jive
og sveifla.
Honky tonk og
hnykkurinn.

Farðu alla leið
Va-bam-a-lú-ma-ba-ba-bei
Farðu alla leið.
Allt til enda, alla leið.

# Vor í Vaglaskógi

Höfundur lags: Jónas Jónasson Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk Flytjandi: Hljómsveit Ingimars Eydal

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó .
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn vaggandi blæ.

Daggperlur glitra um dalinn færist ró
draumar þess rætast er gistir Vaglaskóg .
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn fagnandi blær.

# Á Þjóðhátíð ég fer

Höfundur lags: Tom Paxton Höfundur texta: Heimir Eyvindarson Flytjandi: Á Móti Sól

Nú ætla ég að fara út til eyja,
út til eyja, út til eyja
Nú ætla ég að fara út til eyja
viltu koma með?

Á Þjóðhátíð ég fer, fer, fer
þar feiknagaman er, er, er
Ég þangað fer með þér, þér, þér
ef þú kemur með mér, mér, mér

Í Herjólfsdal er herra Árni Johnsen
að hend´út Páli Óskari og Bubba Morthens
Árni Johnsen meikar engan nonsens
Hann er það pottþéttur

Á Þjóðhátíð ég fer, fer, fer
þar feiknagaman er, er, er
Ég þangað fer með þér, þér, þér
ef þú kemur með mér, mér, mér

Þar er líka fullt af fínum tjöldum
gulum, rauðum, grænum, bláum tjöldum
Samt er alltaf mest af hvítum tjöldum
sumt breytist ekki neitt

Á Þjóðhátíð ég fer, fer, fer
þar feiknagaman er, er, er
Ég þangað fer með þér, þér, þér
ef þú kemur með mér, mér, mér

Þar er bæði brenn´og brekkusöngur
og brunaliðið  mætt með gular slöngur
mér finnst alltaf best í brekkusöngnum
æ viltu koma með?

Á Þjóðhátíð ég fer, fer, fer
þar feiknagaman er, er, er
Ég þangað fer með þér, þér, þér
ef þú kemur með mér, mér, mér

Um bjarta sumarnótt ég hoppa sveittur
Uns sólin kemur upp þá er ég þreyttur
ég fer þá að geispa því ég er þreyttur
og ég vil sofna strax

Á Þjóðhátíð ég dó, dó, dó
því mér fannst komið nóg, nóg, nóg
Ég var syfjaður og sljór, sljór, sljór
diggiliggi, ló,ló,ló

Svo vakna ég og byrja strax að djamma,
strax að djamma, strax að djamma
Svo vakna ég og byrja strax að djamma
Viltu koma með?

Á Þjóðhátíð ég fer, fer, fer
þar feiknagaman er, er, er
Ég þangað fer með þér, þér, þér
ef þú kemur með mér, mér, mér

# Álfheiður Björk

Höfundur lags: Eyjólfur Kristjánsson Höfundur texta: Eyjólfur Kristjánsson Flytjandi: Björn Jörundur Friðbjörnsson ásamt f

Álfheiður Björk, ég elska þig,
hvað sem þú kannt
að segja við því.
Ég veit annar sveinn
ást þína fær.
Hvað get ég gert?
Hvað get ég sagt?

Álfheiður Björk, við erum eitt.
Ást okkar grandað
aldrei fær neitt.
Ég veit annar sveinn
hjarta þitt þráir.
Hvað get ég gert?
Hvað get ég sagt?

Þú mátt ekki láta þennan dóna,
þennan fylliraft og róna, glepja þig.
Þú mátt ekki falla í hans hendur,
oft hann völtum fótum stendur.
Ó, hlustaðu á mig
því ég elska þig, Álfheiður Björk.

Álfheiður Björk, ég elska þig.
Líf mitt er einskis
virði án þín
Segð' að að þú sért
mín alla tíð
Álfheiður Björk,
ég eftir þér bíð.

Þú mátt ekki láta þennan dóna,
þennan fylliraft og róna, glepja þig.
Þú mátt ekki falla í hans hendur,
oft hann völtum fótum stendur.
Ó, hlustaðu á mig
því ég elska þig, Álfheiður Björk.
Álfheiður Björk,
því ég elska þig, Álfheiður Björk.

# Áðan Í útvarpinu heyrði lag

Höfundur lags: Björgvin Halldórsson Höfundur texta: Jónas Friðrik Guðnason Flytjandi: HLH flokkurinn

Áðan, í útvarpinu heyrði ég lag,
enginn hefði getað trúað hvað mér brá.
Hjartað, barðist um í brjósti mér
brosið, fæddist vörum á.

Þegar, hljómar þetta litla lag
læðast, aftur horfnir daga inn til mín.
Töfra, ennþá yfir tímans haf
til mín sendir röddin þín.

Þú söngst: Twinkle, twinkle little star
how I wonder where you are.
Wish I may, Wish I might
make this wish come true tonight.

Sumum fannst þú ekki syngja vel
sjálfsagt hef ég stundum verið með í því.
Núna, glaður mundi gefa flest
ef gæti heyrt þig syngja á ný

Þú söngst: Twinkle, twinkle little star
how I wonder where you are.
Wish I may, Wish I might
make this wish come true tonight.

Svona glettið gamalt lag,
varð á götu minni í dag
og gleði straumar fóru um mig.
Svona lítið skrýtið lag.
Þetta lag ég heyrði í dag
og langaði að hitta þig.

Þú söngst: Twinkle, twinkle little star
how I wonder where you are.
Wish I may, Wish I might
make this wish come true tonight.

# Ég er kominn heim

Höfundur lags: Emerich Kálmán Höfundur texta: Jón Sigurðsson Flytjandi: Óðinn Valdimarsson

ATH**
hægt að setja capó á 3 band og spila lagið í C
þá eru hljómarnir mun viðráðanlegri.

Er völlur grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.
ég er kominn heim.

# Ég kyssi þig á augun

Höfundur lags: Hugleikur Dagsson ásamt fleirum. Höfundur texta: Hugleikur Dagsson ásamt fleirum. Flytjandi: Hugleikur Dagsson ásamt fleirum.

Capo á 4. bandi

ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
eins og ég
þau eru viðkvæm eins og ég
eins og ég
eins og ég

dagurinn í dag er valentínus
og gjöfin mín til þín er penis
ég trúi ekki á sambönd, bara samfarir
ég trúi bara á óheilbrigðar langanir
mig langar að strjúka vangann þinn
kynfærin þín, mig langar þangað inn
með tilheyrandi getnaðarvörnum
því ég stefni ekki á hús með konu og börnum
vil taka nokkrar ferðir í þína stjörnu
vil eiga heima í þínum görnum
ber enga virðingu fyrir konum
samt standa þær í röð og bíða í von um
að snerta mig með munnunum sínum
ég læt þær nudda mig meðan ég bragða á vínum
og kyngi hverjum sopa því ég trúi ekki á sóun
ég trúi bara á þig og engar aðrar hórur
vil samt ekki trúa sögunum hennar gróu
löngu drullu mother fokkin búinn að heyra nóg
hversu margir strákar hafa sofið hjá þér
og í sannleika sagt fer ég í taugarnar á mér
en fyrst að svo er, geturðu nokkuð sagt mér
hvers vegna mig langar bara að giftast þér?
hvers vegna er ég svona smitaður?
djöfull get ég verið ómeðvitaður
þú ert búin að rugla mig í ríminu
og hvað í andskotanum rímar við ríminu?
mig dreymir um að bragða á píkuslíminu
skola því niður með rauðvíninu
sem ég keypti í dag til að fylla þig
er það ekki eina leiðin til að heilla þig?
leggðu eyra þitt upp að minni bringu
og hlustaðu hvernig hjarta mitt syngur

ég klappa þér á kollinn
klappa þér þar til þú sofnar
ég klappa þér á kollinn
klappa þér þar til þú sofnar
eins og barn
þar til þú sofnar eins og barn
eins og barn
eins og barn

ég vil sofa hjá þér í húsasundi
þú skalt vera Emil og ég má vera Skundi
nei ég veit, ég skal vera Bill Clinton
og þú færð að vera Paris Hilton
í engri skyrtu í grænni birtu
ákveddu þig, kyngdu eða skyrptu
farðu í fötin og hirtu peninginn
því annars kemur ægilega flengingin
nei bíddu ekki fara ég skal haga mér vel
mig langar að leggjast í þitt leg
mig langar að sofna inni í þér
ég elska þig, haltu mér
bittu mig, elskaðu mig, lemdu mig
uppnefndu mig, skemmdu mig
og ef þú samþykkir að flytja inn með mér
þá verðum við kannski bara alltaf saman
en ef þú síðan ferð að halda framhjá mér
mun ég ekki hika við að kýla þig í framan
ekki dirfast að horfa á mig svona
ég má alveg lemja þig þó þú sért kona
vegna þess að ég trúi á jafnrétti
skiptir ekki máli hvers kyns smetti
ég lúskra á í bræði minni
sama magn af ofbeldi á bæði kynin
því að þú sem berst við eld með eldi
og þú sem með einu góðu sparki geldir
er betri kostur en sú sem að bakkar og þegir
hefurðu ekki séð Buffy the Vampire Slayer?
ég skal meira að segja sparka í þig ef þú liggur lárétt
nema hugsanlega ef að þú sért ólétt
leggðu eyra þitt upp að minni bringu
og hlustaðu hvernig hjarta mitt syngur

ég blæs nú létt á hnakka þinn

við erum ástfangin
ég blæs nú létt á hnakka þinn
við erum ástfangin
ég og þú
við erum ástfangin ég og þú
ég og þú
ég og þú

þú munt komast að því að ég er ekki bara graður
ég er drullu djúpur og dularfullur maður
ég segi þér allt því ég dýrka þig
ég á mér nefnilega myrka hlið
ég hef gaman af gúmmíi og keðjum
mig langar að henda þér í leðju
mig langar að senda þér stripparakveðju
ég vil að þú nartir á mínum hreðjum
en ekki hafa áhyggjur af þessu
þó ég vilji horfa á þig sofa hjá lessu
þó ég vilji láta þig lemja mig í klessu
þó ég vilji fara niður á þig í messu
að byrja með mér er geðveikur pakki
það er hollara að vera háður lakki
mig langar bara að eyða með þér ævinni
heyrirðu það heimur ég er skotinn í tæfunni
því hún er svo falleg
og hún er svo fáguð
hún sleppir mér ekki
hún er allt of gáfuð
ég ætla að fullnægja henni
ef ég nenni
ég ætla að byggja gullna styttu af henni
okkur var ætlað
að stunda bæklað kynlíf
þangað til að
píkan fer að vætla
frábær reynsla
guðdómleg blessun
að baða sig í þessum
líkamsvessum
kynlíf gerist ekki skaðlegri
sambönd gerast ekki alvarlegri
konur gerast ekki laglegri
og ég gerist ekki getnaðarlegri
heyrirðu það kona ég elska þig
og ef þú segir mér upp mun ég gelda mig
leggðu eyra þitt upp að minni bringu
og hlustaðu hvernig hjarta mitt syngur

ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
eins og ég
þau eru viðkvæm eins og ég
eins og ég
eins og ég

ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
ég kyssi þig á augun
þau blotna því þau eru viðkvæm
eins og ég
þau eru viðkvæm eins og ég
eins og ég
eins og ég

# Ég labbaði í bæinn

Höfundur lags: Jóhann Helgason Höfundur texta: Vilhjálmur Vilhjálmsson Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson

Ég labbaði í bæinn, mér létt í skapi var,
að líta inn á búllur samkvæmt vana.
Mér fannst ég vera þyrstur, fékk mér bjórglas inni á bar
og byrjaði að spá í nátthrafnana.

Þá settist hjá mér stúlka, hún sagðist vera sautján.
Hún sagði ei margt að vísu, en fylgdist með.
Ég gaf mér nægan tíma, því oft er það mín áþján
að ætla að gefa ráð og elginn veð.

Við töluðum um bilið, sem byggjum við af hvöt,
um bilið milli aldurs, sem er gríma.
Við gefa viljum börnum okkar græna skóga og föt
en gleymum oft því dýrmætasta: tíma.

Þá kom hún mér á óvart, því er ég fór að inna
eftir hennar skoðunum, ef hefði hún einhverjar.
Það litla sem hún sagði, ég verð að viðurkenna
vakti mig til umhugsunar á því hver ég var.

Ég held við ættum stundum að hlusta aðeins betur
á hugrenningar þeirra, sem erfa skulu land,
því kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur
komið fram með svörin, þar sem sigldum við í strand.

Okkur kann að finnast að ungdómurinn nú
sé einskis nýtur - reki í lífsins gjólum.
En gleymum ekki staðreyndum, því staðreyndin er sú:
Það vorum ég og þú, sem upp þau ólum.

Já ég held við ættum stundum að hlusta aðeins betur
á hugrenningar þeirra, sem erfa skulu land,
því kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur
komið fram með svörin, þar sem sigldum við í strand.

# Ég vil ei vera væminn

Höfundur lags: Bon Jovi Höfundur texta: Tvíhöfði Flytjandi: Tvíhöfði

Ástin er svo mikil, að mér er orðið heitt
Þú elskar mig svo líka, að þú ert orðin sveitt
En ertu þá farin, ertu farin frá mér
Hvar ertu núna, ertu flutt eitthvað burt

En ég mun ekki grenja, eins og alger aumingi
Ég tel mig vera karlmann, en ekki kellingu

En ég vil ei vera væminn, aldrei
Og ég er hér, og ber mig bara vel, án þín

Og ef þú heldur að ég grenji yfir þér,
þá veistu ekki hversu sterkur ég er,
Ég er karlmaður, enginn aumingi
Ekkert kjaftæði og kerlingarvæl,

Og reikningarnir sem þú sendir
heim, ég ætla ekki að borga af þeim
Ég læt þá falla á þig,
því þú særðir mig, og það er ljótt að særa fólk

Manstu þegar þú sást mig fyrst,
Hvað þú hafðir litla matarlyst
En ég gaf þér fisk, og þú braggaðist
og þú heillaðist af mér sem karlmanni

Og þó það komi fyrir að ég missi saur
þá er ég alls ekkert væminn gaur
Ég er töffari, enginn aumingi
þó það komi fyrir að ég grenji

Ég vil ei vera, væminn, aldrei
Og ég er hér, og ber mig bara vel, án þín.

Ég get lyft heilli þvottavél, án þín
ég get drukkið eitt kláravín, og keyrt bíl
Ég er harður af mér, ég nagli er,
já ég ekki væminn er

En ég vil ei vera, væminn, aldrei
Og ég er hér, og ber mig bara vel, án þín.

Og ef þú heldur að ég grenji yfir þér,
þá veistu ekki hversu sterkur ég er,
Ég er karlmaður, enginn aumingi
Ekkert kjaftæði og kerlingarvæl,

# Í fjarlægð

Höfundur lags: Karl Otto Runólfsson Höfundur texta: Cæsar Flytjandi: Ýmsir

Þig, sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur
og fagrar vonir tengdir líf mitt við.
Minn hugur þráir, hjartað ákaft saknar,
er horfnum stundum, ljúfum dvel ég hjá.
Heyrirðu ei, þig hjartað kallar á?
Heyrirðu ei storm er kveðju mína ber?
Þú fagra minning eftir skildir eina
sem aldrei gleymist meðan lífs ég er.

# Í útvarpinu ég heyrði lag

Höfundur lags: Björgvin Halldórsson Höfundur texta: Jónas Friðrik Guðnason Flytjandi: Björgvin Halldórsson

Áðan, í útvarpinu heyrði ég lag,
Þetta gamla og góða gamla og góða lag

Áðan, útvarpinu heyrði lag
Enginn hefði getað trúað hvað mér brá.
Hjartað, barðist um í brjósti mér
brosið, fæddist vörum á.

Þegar, hljómar þetta litla lag
læðast, aftur horfnir dagar inn til mín.
Töfrar, ennþá yfir tímans haf
til mín sendir röddin þín. Þú söngst:

Twinkle, twinkle little star
how I wonder where you are.
Wish I may, Wish I might
make this wish come true tonight.
Oh oh oh oh cha ra ra
cha ra cha ra ra choo
Oh oh oh oh cha ra ra
cha ra cha ra ra choo
Twinkle little star

Sumum fannst þú ekki syngja vel
sjálfsagt hef ég stundum verið með í því.
Núna, glaður mundi gefa flest
ef gæti heyrt þig syngja á ný. Þú söngst:

Twinkle, twinkle little star
how I wonder where you are.
Wish I may, Wish I might
make this wish come true tonight.
Oh oh oh oh cha ra ra
cha ra cha ra ra choo
Oh oh oh oh cha ra ra
cha ra cha ra ra choo
Twinkle little star

Svona glettið gamalt lag,
varð á götu minni í dag
og gleðistraumur fór um mig.
Svona lítið skrýtið lag.
Þetta lag ég heyrði í dag
og langaði að hitta þig.

# Íslenskir karlmenn

Höfundur lags: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum. Höfundur texta: Valgeir Guðjónsson ásamt fleirum. Flytjandi: Stuðmen

Mikið lifandi skelfingar ósköp eru þær lásí,
við neitum að láta bjóð' okkur hvað sem er,
því þrátt fyrir allt, þá erum við íslenskir karlmenn.
Því fer sem fer.

Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.
Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.

Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.
Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.

Íslenskir karlmenn eru sko alls engar gungur,
íslenskum karlmönnum vefst ekki tunga um tönn.
Ef heitt er í kolunum förum við oftast úr bolnum,
ef þannig ber undir gröfum við okkur í fönn.
Því fer sem fer.

Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.
Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.

Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.
Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.

Rúmlega helmingur landsmanna mun vera kvennfólk,
tæplega helmingur landsmanna erum við menn.
Við lifum á hákarli, hrútspungum, magálum, léttmjólk,
við stjórnvölinn höfum við staðið og stöndum þar enn.
Því fer sem fer.

Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.
Við stöndum þétt saman og snúum bökum saman.

Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.
Sumir á, sumir á, sumir á bomsum,
aðrir á, aðrir á, aðrir á flókum.

# Þar sem hjartað slær

Höfundur lags: Halldór Gunnar Pálsson Höfundur texta: Magnús Þór Sigmundsson Flytjandi: Fjallabræður ásamt fleirum.

Capo á 4. bandi

Kveikjum eldana
Þar sem hjart að slær
Kvei kjum eldana
Þar sem hjart að slær

Sjá, Heimaey og Herjólfsdal
Þar sem hjörtun slá í takt við allt
sem í æðunum rennur
sem á huganum brennur
hér í brekkunni
þar kveikjum  við eld , eld

Tengjum huga hjart´og sál
þar sem hjartað slær
þar sem hjartað slær

Kveikjum eldana
Þar sem hjartað slær
Kveikjum eldana
Þar sem hjartað slær

Sjá, Heimaey og Herjólfsdal
Þar sem hjörtun slá í takt við allt
sem í æðunum rennur
sem á huganum brennur
hér í brekkunni
þar kveikjum við eld ,eld

Tengjum huga hjarta' og sál
þar sem hjartað slær
þar sem hjartað slær

Tengjum huga hjarta' og sál
þar sem hjartað slær
þar sem hjartað slær

þei, þei
í Herjólfsdal
hó, hó
í fjallasal
hei, hei
í Herjólfsdal

þei, þei
í Herjólfsdal
hó, hó
í fjallasal
hei, hei
í Herjólfsdal

Tengjum huga hjarta' og sál
þar sem hjartað slær
þar sem hjartað slær

Tengjum huga hjarta' og sál
þar sem hjartað slær
þar sem hjartað slær

# Það er bara þú

Höfundur lags: Arland Ravi Höfundur texta: Loftur Guðmundsson Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson

Það er bara þú, það er bara þú,
það er bara þú, það er bara þú.

Það er bara þú,
bara þú sem ég þrái.
Það er bara þú
sem ég þrái að ég fái.

Strax er ég leit þig fyrst
var lífið svo blítt og bjart

og bros þitt, fyrirheit
mér gaf um svo ótalmargt.

Ó mundu, Það er bara þú,
bara þú sem ég þrái.
Það er bara þú
sem ég þrái að ég fái.

Í fylgd með þér ég veit
að gatan mér verður greið.
Að gæfan okkur báðm tveim
vísar hamingjuleið.

Það er bara þú,
bara þú sem ég þrái.
Það er bara þú
sem ég þrái að ég fái.

Strax er ég sá þig fyrst,
ég fann þá að það varst þú

sem þráði ég alla tíð,
en vissi ei fyrr en nú.

Ó mundu, Það er bara þú,
bara þú sem ég þrái.
Það er bara þú
sem ég þrái að ég fái.

Sú gæfustjarna
se þig leiddi á mína leið,
mun lýsa sporin okkur tveim,
þar sem gatan er greið.

Það er bara þú, það er bara þú,
það er bara þú, það er bara þú.

# Það skrifað stendur

Höfundur lags: Írskt þjóðlag Höfundur texta: Jónas Árnason Flytjandi: Bubbi Morthens ásamt fleirum.

Það skrifað stendur skýrt í Biblíunni
Að skylt oss sé að virða náungann
Og elska hann af hjartans dýpsta grunni
Svo hann í staðinni læri'að
elska mann
En gallinn er að þetta er bölvað blaður
Og bull sem hvergi er hægt að finna stað
Það elskar mann sko ekki nokkur maður
Nema'ef að maður sjálfur skyldi gera það

Í fyrri tíð ég forðaðist þann skolla
Að fást við það sem Bretum þótti ljótt
Þó dátar þeirra brytu alla bolla
Í búrinu hjá mömmu
eina nótt
Og seinna þegar frelsisskrá var fengin
Ég fríríkinu allra gæfu bað
En samt ég veit það elskar mann sko enginn
Nema'ef að maður sjálfur skyldi gera það

Vort líf í þessum lægri millistéttum
Er lítið skárra en það forðum var
Vér stöndum ennþá eins og fé í réttum
Og einskis bíðum nema
slátrunar
Því leyfi ég mér að segja enn og aftur
Sem er þó fyrir löngu margsannað
Það elskar mann sko ekki nokkur kjafur
Nema'ef að maður sjálfur skyldi gera það

Því leyfi ég mér að segja enn og aftur
Sem er þó fyrir löngu margsannað
Það elskar mann sko ekki nokkur kjafur
Nema'ef að maður sjálfur skyldi gera það

Nema'ef að maður sjálfur skyldi gera það

# Þorpið

Höfundur lags: Bubbi Morthens Höfundur texta: Bubbi Morthens Flytjandi: Bubbi Morthens ásamt fleirum.

Capó á 1.bandi

Þorpið er hér ennþá en frystihúsið fór í gær
Fór án þess að kveðja með sínar vélar og rær
Bryggjan bátavana kvótinn minning ein
Í fjörunni leyfar af bát, fuglar og bein

Unga fólkið er fyrir sunnan að dreyma
Gamla fólkið situr eftir heima
Minningar útá fjörðinn streyma
Þorpið er að þurrkast út

Þar sem malbikið er, grasið teygir sig uppúr
Fjallahringurinn er orðinn einskonar múr
Part úr vetri nær sólin aldrei að skína
Á fjörðinn og ljósið er vart sjánleg lína

Unga fólkið er fyrir sunnan að vinna
Gamla fólkið varð eftir með nál og tvinna
Útá firði er enga drauma að finna
Þorpið er að þurrkast út

Húsin kosta nokkrar dánar krónur
Kannski er hægt að rækta úr þeim feitar jónur
Leikskólinn geymir bergmál hrópandi barna
Sem í borginni segja ég fæddist þarna

Sem ekkert ungt fólk finnst lengur
Bara gamalt lið og naktar fánastengur
Á landi er víst enginn happafengur
Þorpið er að þurrkast út

Bankakerfið fyrir sunnan féll með látum
En fimmtá árum fyrr hjá okkur útaf bátum
Sem voru keyptir og kvótinn seldur suður
Þar sem bankamenn átu gullhúðaðar kruður

Unga fólkið fór suður til að dreyma
Um gullið sem enginn átti heima
Og gammar yfir gömlu fólki sveima
Þorpið er að þurrkast út

Fjöllin þau standa, stara útá fjörðinn
Þorpið er að sökkva hægt oní svörðinn
En ég ætla að reyna rembast eitthvað lengur
Því konan mín er ólétt, það er sagt víst drengur

Hér vil ég vera hér á ég heima
En tækifærin virðast burtu streyma
Það er ekkert rangt við það að dreyma
Að þorpið mitt það hjarni við

Hér vil ég vera hér á ég heima
En tækifærin burtu bara streyma
Það er ekkert rangt við það að dreyma
Að þorpið mitt það hjarni við.

# Þú fullkomnar mig

Höfundur lags: Guðmundur Jónsson Höfundur texta: Stefán Hilmarsson Flytjandi: Sálin hans Jóns míns

Það rofar til inní mér
og lífið tekur lit
Veit nú hvað gefur mér mest,
og tilverunni glit.
Aldrei var sólin svo skær
né fugla fegurri hljóð.
Mér finnst ég  skilja í dag
öll heimsins ástarljóð.

Þú fullkomnar mig.
Ég finn að ég er annar en ég var.
Þú ert við spurnum mínum lokasvar.
Þú lyftir mér upp, lýsir mér leið.
Ég vegsama þig.
Og vonir mínar bind ég aðeins þér.
Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér
í huga og hér, ævinnar skeið.

Liðið er grafið og gleymt
og raunir frá í gær.
Loksins ég veit uppá hár
hvað hjartað í mér slær.
Og þó að ég ferðist um lönd,
þú ert mín heimahöfn.
Norðljósin skrifa í kvöld
í hvolfið okkar nöfn.

Þú fullkomnar mig.
Ég finn að ég er annar en ég var.
Þú ert við spurnum mínum lokasvar.
Þú lyftir mér upp, lýsir mér leið.
Ég vegsama þig.
Og vonir mínar bind ég aðeins þér.
Í blíðu jafnt sem stríðu fylgdu mér
í huga og hér, ævinnar skeið.

Aldrei var sólin svo skær
né fugla fegurri hljóð.
Mér finnst ég skilja í dag
öll heimsins ástarljóð.

# Þú veist hvað ég meina mær

Höfundur lags: Sigurjón Ingólfsson Höfundur texta: Guðjón Weihe Flytjandi: Skítamórall

Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Hljótt í vestri kveður kvöld
kvikna eldar nætur
Táp og kæti taka völd
titra hjartarætur

Dalsins lífi greiðum gjöld
gleðin sanna lokkar
Þráin vaknar þúsundföld
þessi nótt er okkar

Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna
Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Meðan nóttin framhjá fer
Fljóðið ástarblíða
Inn í tjaldi trúðu mér
tækifærin bíða
Vinnum ástarheitið hér
hjörtun látum mætast
Enginn veit og enginn sér
okkar drauma rætast

Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna
Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Dalsins lífi greiðum gjöld
gleðin sanna lokkar
Þráin vaknar þúsundföld
þessi nótt er okkar....

Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna
Þú veist hvað ég meina mær
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna
fylling vona sinna
fylling vona sinna
fylling vona sinna
fylling vona sinna
fylling vona sinna